

# SJÚKRALIÐINN

2. TÖLUBLAÐ - 16. ÁRGANGUR SEPTEMBER 2002



Breyta  
þarf  
ímmynd  
starfsins

- sjá skoðanakönnun á bls. 10-14



**Framkvæmdastjórn**  
**Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ):**  
 Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður.  
[kristin@slfi.is](mailto:kristin@slfi.is)  
 Ásta Harðardóttir, varaformaður.  
 Margrét Þóra Óladóttir, gjaldkeri.  
 Rannveig María Gísladóttir, ritari.

**Skrifstofa félagsins:**  
 Skrifstofa Sjúkraliðafélags Íslands er að Grensásvegi 16, 108 Reykjavík.  
 Sími 553 9493 eða 553 9494.  
 Símaþrá 553 949.  
 Heimasíða félagsins er [www.slfi.is](http://www.slfi.is)  
 Skrifstofan er opin alla virka daga, mánudaga til föstudaga frá kl. 09:00 til 17:00.  
 Starfsfólk félagsins annast alla almenna skrifstofuþjónustu, upplýsingamiðlun túlkun kjarasamninga og erindrekstur fyrir félagið og félagsmenn.  
 Skrifstofan sér um sjóði félagsins svo sem félagssjóð, orlofssjóð, Minningar- og styrktarsjóð, Fræðslusjóðinn Framför, Vinnudeilu- og verkfallssjóð auk þess sem hún afgreiðir erindi Starfsmenntunarsjóðs BSRB og Styrktarsjóðs BSRB. Ennfremur sér skrifstofan um úthlutun á orlofsbúð og orlofshúsum félagsins í umboði Orlofsnefndar.

**Starfsfólk á skrifstofu**  
**Sjúkraliðafélags Íslands**  
 Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður,  
[netfang: kristin@slfi.is](mailto:kristin@slfi.is)  
 Gunnar Gunnarsson,  
 framkvæmdastjóri,  
[netfang: gunnar@slfi.is](mailto:gunnar@slfi.is)  
 Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri,  
[netfang: birna@slfi.is](mailto:birna@slfi.is)  
 Margrét Tómasdóttir, bókarí,  
[netfang: margret@slfi.is](mailto:margret@slfi.is)

**Sjúkraliðinn:**  
 Sjúkraliðinn er gefinn út af Sjúkraliðafélagi Íslands í 2.700 eintökum.

**Ábyrgðarmaður:**  
 Kristín Á. Guðmundsdóttir

**Ritnefnd:**  
 Hjördís Geirsdóttir, Linda Gustafson,  
 Hanna Sigurjónsdóttir

**Umsjón:**  
 Gunnar Gunnarsson

**Prentvinnsla:**  
 Stafræna hugmyndasmíðjan,  
 Bæjarhrauni 22, Hafnarfirði



Trúnaðarmenn sjúkraliða að störfum.

## Námskeið fyrir trúnaðar- og stjórnarmenn: Tekist á við breytt samningsumhverfi

Stjórn Sjúkraliðafélags Íslands býður trúnaðarmönnum félagsins, formönnum deilda og stjórnarmönnum að taka nú í haust þátt í tveggja daga námskeiði sem ber yfirskriftina: „Að takast á við samtímann í breyttu samningsumhverfi.“

Á námskeiðunum verður leitast við að veita trúnaðarmönnum þjálfun í samninga- og samtaltækni og auðvelda þeim að skilgreina hlutverk sitt í breyttu umhverfi, en tilkoma stofnanasamninga gerir mun meiri kröfur til starfsmanna sem þurfa að rökstyðja og tala fyrir kröfum sínum um bætt kjör.

### Fimm námskeið

Alls verða haldin fimm námskeið af þessu tagi, sem hér segir:

1. Mánudaginn 9. og þriðjudaginn 10. september.
2. Mánudaginn 16. og þriðjudaginn 17. september.
3. Mánudaginn 23. og þriðjudaginn 24. september.
4. Mánudaginn 30. september og þriðjudaginn 1. október.
5. Mánudaginn 16. og þriðjudaginn 17. október.

Námskeiðin hefjast alla dagana kl. 10.00 og þeim lýkur kl. 17.00. Boðið verður upp á næringu í hádegi og kaffi síðdegis. Gert er ráð fyrir að þátttakendur séu ekki fleiri en 25-30 á hverju námskeiði.

### Dagskráin

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður félagsins, mun setja námskeiðin og flytja erindi um tilgang og markmið stéttarféлага og hlutverk trúnaðarmanna.

Leiðbeinandi fyrri daginn verður Pétur Guðjónsson, stjórnunarráðgjafi hjá IMB (Alþjóðlega stjórnunarfræðslan). Meginmarkmið dagsins eru að skapa meiri skilning og samheldni meðal trúnaðarmanna, að trúnaðarmenn skilji betur eigin vinnuáferðir, styrkleika og veikleika, og að samræma betur forgangsröð og áherslur. Síðdegis verða umræður um stefnumótun SLFÍ. Frummælendur Ásta Harðardóttir, Rannveig Gísladóttir, Kristín Ólafsdóttir og Kristín Á. Guðmundsdóttir.

Síðari daginn leiðbeinir Haukur Harðarson, starfsmaður MFA (Menningar- og fræðslusamband ASÍ), um samningatækni. Markmið námsins er að gera þátttakendur hæfari til að takast á við samninga á vinnustað og vera starfsfélögum til halds og trausts þegar þörf krefur.

Námskeiðinu lýkur síðan með erindi Ögmundar Jónassonar, formanns BSRB.

### Réttur til leyfis

Samkvæmt samkomulagi Sjúkraliðafélagsins við fjármálaráðherra frá 8. desember 1992 er trúnaðarmönnum „heimilt að sækja þing, fundi, ráðstefnur og námskeið á vegum stéttarfélagsins í allt að eina viku einu sinni á ári án skerðingar á reglubundnum launum.“ Tilkynna skal yfirmanni stofnunar um slíkar fjarvistir með eðlilegum fyrirvara.

## Frá Reykjavíkurbæild Sjúkraliðafélags Íslands: Ferð á Njáluslóðir

Fræðslu og skemmtiferð verður farin á Njáluslóðir laugardaginn 21. september 2002. Farið verður frá skrifstofu Sjúkraliðafélagsins á Grensásvegi 16 kl. 12:00 á hádegi. Mæting kl. 11:30. Þegar komið er austur er boðið upp á Njálusýningu og ferð um Njáluslóðir með leiðsögn. Um kvöldið er borðhald með leikþætti og harmonikkuspili. Áætluð heimkoma er um miðnætti. Aðeins 50 sæti eru í boði og verðið á mann er 5.500. - Skráning verður á skrifstofu sjúkraliðafélagsins í síma 553 9493 eða 553 9494. Munið að skrá ykkur tímanlega.

Fræðslu- og skemmtinefnd.

<b>Á DAGSKRÁ</b>	2
- Námskeið fyrir trúnaðarmenn	
- Ferð Reykjavíkurdeildarinnar	
- Forysta og skrifstofa félagsins	
<b>FORMANNSPISTILL</b>	3
<b>FULLTRÚAÞINGIÐ</b>	4-7
- Skýrsla stjórnar SLFÍ	
- Ályktanir fulltrúaþingsins	
- Nýjar í stjórn	
<b>KJARAMÁLIN</b>	8-9
- Hvað hefur skilað sér?	
<b>SKOÐANAKÖNNUN</b>	10-14
- Álit félaganna á SLFÍ	
- Hvað er jákvæðast?	
- Þjónustan fær góða einkunn	
- Helmingur hefur tekið virkan þátt	
- Ímynd sjúkraliðastarfsins	
<b>RÉTTINDAMÁL</b>	15
- Forgangur að störfum	
- Reglugerð ráðherra	
<b>STUTTFRÉTTIR</b>	15
- Skiptidvöl ríkisstarfsmanna	
- Ný handbók um hjúkrun	
<b>MENNTAMÁL</b>	16-20
- Framhaldsnámið	
- Námskeið fyrir sjúkraliða	
- Mikil aðsókn í Ármúla, Breiðholt	
- Nám látið niður falla	
- Ritgerðir sjúkraliða	
- Þúsund læra á tölvu	
<b>FÉLAGSSTARFIÐ</b>	21
- Afmælishátíð á Akureyri	
<b>ERLENT SAMSTARF</b>	22-23
- Fagráðstefna í Osló	
<b>SAMNINGARNIR</b>	24
- Munur á samningum	
<b>SJÓÐIRNIR</b>	25
- Aðsókn í Fjölskyldusjóðinn	
- Séreignarsparnaður	
<b>BRÉFAKASSINN</b>	26
- Breytt vaktskrá	
- Skrifnið til blaðsins	
- Athugasemd	
<b>LÍFEYRISÞEGAR</b>	27
- Ferð á Njáluslóðir	
<b>VINNUSTAÐURINN</b>	28-30
- Heilsustofnun NLFÍ heimsótt	
- Sjúkraliðar á Heilsustofnuninni	
<b>STUTTFRÉTTIR</b>	31
- Nefnd um veikingarétt	
- Undanþága frá næturvöktum	
<b>AUGLÝSINGAR</b>	31-32
- Til sölu hjá félaginu	
- Haustleiga orlofshúsa	
- Framhaldsnámið	
<b>FORSÍÐUMYNDIN</b>	
Sjúkraliði að störfum á barnadeild Landspítalans.	

# Góður starfsandi

## Samskipti og samstarf heilbrigðisstétta



Kristín Á. Guðmundsdóttir,  
formaður Sjúkraliðafélags Íslands  
skrifar:

Góður starfsandi er meðal þess dýrmætasta sem starfsfólk getur óskað sér. Vinnan og vinnuumhverfið er staður sem við verjum mestan hluta bestu ára ævinnar. Þar á okkur að líða vel. Góður starfsandi laðar fram það góða í hverjum starfsmanni og er honum hvatning til að leggja sig fram, axla aukna ábyrgð og takast á við fjölpættari verkefni.

Atvinnurekandi fær ríkulega greitt takist honum að skapa ásættanlegan eða góðan starfsanda. Ein af forsendum þess er að starfið sé krefjandi og í samræmi við menntun starfsmannsins og hæfni. Til þess að starfsmaður taki áskoruninni þarf hann að geta treyst því að standi hann undir væntingum verði verkefnið ekki af honum tekið fyrir geðþótta misvíturs yfirmanns eða ákvörðunar stjórnvalda.

Mikill skortur á fagfólki hefur leitt til undirmönnunar og vandræða á mörgum hjúkrunarstofnunum. Til að auka á vandann skortir einnig aðstoðarfólk í umönnun og til annarrar þjónustu. Heilbrigðiskerfið á í harðri samkeppni á vinnumarkaðnum um starfsfólk. Sjúkraliðar hafa á seinni árum fundið fyrir jákvæðari viðhorfum til stéttarinnar og umræða um breytt verksvið þeirra með tilliti til aukinnar menntunar hefur aukist meðal stjórnenda heilbrigðisstofnanna.

Sjúkraliðar fagna breyttum viðhorfum og eiga að nýta þau tækifæri sem gefast til aukinnar ábyrgðar. Allt of oft heyrir þó að sjúkraliðar treysti því ekki að þessi jákvæðni haldist. Þeir vilji ekki brenna sig á sama soðinu og fyrr. Hugsun sem samrýmist ekki markmiðum stéttarinnar um aukið verksvið og meiri ábyrgð þar sem menntun, hæfni og geta stéttarinnar nýtur sín. Sjúkraliðar eru hvattir til að endurskoða afstöðu sína til þessara mála og taka breytingunum með jákvæðu hugarfari.

Ýmis jákvæð teikn eru á lofti. Svar félagsmálaráðuneytisins við kæru Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga vegna tímabundinnar ráðningar sjúkraliða í stöðu forstöðumanns að hjúkrunarheimilinu Jaðri í Ólafsvík er augljóst merki um breytt viðhorf. Úrskurður ráðuneytisins staðfestir að sveitarfélagið var í fullum rétti til þess að ráða sjúkraliða í stöðu forstöðumanns heimilisins. Sorgleg og villandi umræða hefur orðið í fjölmiðlum vegna ráðningar sjúkraliðans. Umræða sem á ekkert skylt við starfið sem hann var ráðinn til. Það er alröng fullyrðing, sem haldið hefur verið á lofti, að ekki sé veitt hjúkrun á Jaðri sökum þess að ekki hafi verið ráðinn hjúkrunarfræðingur í stöðu forstöðumanns heimilisins.

Sjúkraliðar eru menntaðir til hjúkrunarstarfa, það verður ekki frá þeim tekið. Þeir eru vel í stakk búnir til að sinna þörfum skjólstaðinganna ef á þarf að halda. Sjúkraliðar eru með sjö anna nám í hjúkrun og færir um að leggja mat á þörf skjólstaðinganna fyrir aðstoð lækis eða sérhæfða hjúkrun ef svo ber undir. Því verður ekki á móti mælt að hjúkrun gæti verið meiri ef hjúkrunarfræðingur væri ráðinn að stofnuninni, það er spurning um þörf. Það gefur auga leið að með tilliti til kostnaðar verður að meta hverju sinni hvort sérhæfðar hjúkrunar er þörf og/eða hvort hún verður ekki leyst á hagkvæmari hátt, án þess að það komi niður á þjónustu við heimilisfólkið.

Skoða þarf málið í heild án öfga eða fordóma. Líta þarf til allra átta í því sambandi. Eru ekki mörg hjúkrunarheimili án hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða? Skynsamleg afstaða ráðuneytisins á vonandi eftir að leiða til þess að farið verði í að endurskoða þessi mál líkt og í Danmörku og víðar erlendis. Lögð verði áhersla á að starfsfólk sé ráðið á grundvelli menntunar og hæfni til að takast á við aukna ábyrgð, en ekki á grundvelli gamalla kredda. Taka á tillit til þess mikla skorts sem er á hjúkrunarfólki í landinu, breyttrar og fjölpættari menntunar heilbrigðisstétta og auðveldari samgangna. Vonandi komast forráðamenn heilbrigðiskerfisins að sömu niðurstöðu og Norðmenn og ráði „rétt fólk á réttan stað“ svo hæfileikar þess nýtist sem best hverju sinni. Með því gerum við góðan vinnustað betri.

## Skýrsla stjórnar SLFÍ starfsárið 2001-2002

# Viðburðaríkt ár kjaralega og faglega

„Starfsárið 2001-2002 hefur verið viðburðaríkt, kjaralega og faglega. Kjaramál voru í brennidepli þar sem samningar höfðu verið lausir frá því í nóvember 2000 og því allt árið 2001 undirlagt af vinnu við að ná fram kjarasamningum sem kjaramálanefnd félagsins gæti sætt sig við að undirrita fyrir hönd félagsmanna sinna,” sagði Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, er hún flutti skýrslu stjórnar á fulltrúaþingi félagsins.

Fulltrúaþingið kom saman til aðalfundar síns 23. maí síðastliðinn. Þar voru skýrslur fluttar, málin rædd og ályktanir gerðar. Yfirlýsingar fundarins voru allar samþykktar samhljóða og eru birtar á öðrum stað í þessu tölublaði Sjúkraliðans, en hér á eftir fer skýrsla stjórnarinnar.

## Kröfugerð og verkföll

„Mikil fundaherferð var farin um allt land í þeim tilgangi að kynna kröfugerðina og ekki hvað síst til þess ætluð að stappa stálið í sjúkraliða til undirbúnings fyrir átökin sem í nánd voru hjá stéttinni. Fagmál voru yfirgripsmikil á þessum sama tíma og varðaði aðalega undirbúning að menntun í formi námskeiða og framhaldsnáms.

Kjaramálanefnd félagsins var útvíkuð með það í huga að hægt væri að ná til sem flestra stofnana, hún skipaði sér starfshópa sem störfuðu samhliða nefndinni. Á þennan hátt var fenginn hópur sem vann að málefnum sem varðaði aðra viðsemjendur en ríkið. Má þar nefna: Launanevnd sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, sameinaðar sjálfseignastofnanir og einstaka stofnanir aðrar sem stóðu utan samtaka þeirra.

Eftir mikið og langt samningaferli og verkföll sem stóðu með lotuhléum frá 1. október til 21. nóvember 2001 náðist samkomulag um kjarasamning fyrst við fjármálaráðuneytið og síðan við aðra atvinnurekendur í framhaldi af því.

SÁÁ var eina stofnunin þar sem beita þurfti verkfallsvopninu lengur en að framan greinir þar sem ekki hafði náðst



Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður.

samkomulag um lífeyrissjóðaréttindi þeirra sem þar störfuðu. Samningur við þá tókst svo með undirritun þann 7. janúar 2002, en þá höfðu sjúkraliðar þar verið í verkfalli umfram aðra dagana 26.-28. nóvember og síðan aftur 10.-12. desember 2001. Sjúkraliðarnir voru tilbúnir að hefja undirbúning að áframhaldandi verkfalli eftir áramótin ef á hefði þurft að halda.”

## Órjúfanleg samstaða

„Eitt af því sem skipti sköpum í öllu þessu ferli var samstaða stéttarinnar í

*Eitt af því sem skipti sköpum í öllu þessu ferli var samstaða stéttarinnar í heild og þar áttu sjúkraliðar í uppsögnum stærstan þátt. Úti á landi var samstaðan órjúfanleg.*

heild og má þar helst nefna að þar áttu sjúkraliðar í uppsögnum stærstan þátt, en á annað hundrað sjúkraliðar starfandi á Landspítala háskólasjúkrahúsi sögðu upp störfum sínum og stóðu stærstan part af verkfallstímanum í yfirgripsmikilli vinnu við að reka verkfallið með vinnuframlagi í verkfallsstjórn og verkfallsvörslu hér á Reykjavíkursvæðinu. Úti á landi var samstaðan órjúfanleg og lögðu sjúkraliðar þar ekki síður fram mikilvæga vinnu við rekstur verkfallsins.

Formaður vill fyrir hönd nefndarinnar þakka sjúkraliðum og ekki síður fjölskyldum þeirra fyrir óeigingjarnt starf í þágu stéttarinnar allrar.

Nú stendur yfir könnun hagfræðinga BSRB og fjármálaráðuneytisins á því hvort markmið samningsins hafi náð fram að ganga og mun í lok þingsins verða farið yfir þær upplýsingar sem þegar liggja fyrir. Auk þess mun forusta félagsins gangast fyrir því að farið verði í fundarherferð um allt land þar sem niðurstaða könnunarinnar verður kynnt.”

## Aukið verksvið

„Í tengslum við kjarasamninga félagsins ákvað heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að gefa út reglugerð um starfsvettvang og starfsréttindi sjúkraliða.

Þetta er gert til þess að leggja áherslu á að markmið kjarasamningsins nái fram að ganga, en þar kemur fram að markmiðið sé að störf og verksvið sjúkraliða skuli verða aukin á samningstímanum. Þetta er hluti af því átaki sem ráðuneytið vill gera til að fleiri laðist til hjúkrunarstarfa í framtíðinni.

Félagið hefur á undangengnum árum varað við því hver þróunin hefur verið, en í könnunum sem gerðar hafa verið hefur komið fram að nýútskrifuðum sjúkraliðum hefur verið að fækka, sjúkraliðar eru að eldast og því eðlilegt að sjúkraliðastéttin fari minnkandi ef ekkert verður að gert. Á sama tíma er störfum við hjúkrun að fjölga og er eftirspurn eftir sjúkraliðum orðin gífurleg.”



Fundarritarar og fundarstjórar á fulltrúaþinginu, frá vinstri: Hulda Ragnarsdóttir, Margrét Tómasdóttir, Valgerður J. Reginisdóttir og Málhildur Þóra Angantýsdóttir.

## Kynning nauðsynleg

„Auk reglugerðarinnar sem ráðherra gaf út var ákveðið að heilbrigðismálaráðherra skipaði nefnd sem hefði það markmið að koma með tillögur um með hvaða hætti og á hvern hátt hægt sé að fjölga sjúkraliðum.

Nefndin hefur haldið fjölmarga fundi og er gagnaöflun lokið. Niðurstaða nefndarinnar er að það þurfi að kynna nám og störf sjúkraliða í tvöföldum skilningi.

Í fyrsta lagi þurfi að kynna nám sjúkraliða fyrir hjúkrunarstjórnendum og öðrum stjórnendum stofnana með tilliti til aukins verkswiðs og ábyrgðar stéttarinnar.

Í öðru lagi þurfi að kynna nám, störf og starfssvið sjúkraliða fyrir almenningi.

Áframhaldandi fundir verða um málið í ráðuneytinu um það hvernig að málum verði staðið við kynningar og aðra þætti.”

## Menntamál stéttarinnar

„Frammi liggur skýrsla fræðslunefndar og mun ég því ekki fara nánar ofan í þau mál, að öðru leyti en því að óska okkur öllum til hamingu með það sem áunnist hefur í að auka menntun sjúkraliða, m.a. með eins árs framhaldsnámi og öllum þeim námskeiðum sem sjúkraliðum stendur til boða.”

## Orlofsmálin

„Sama gegnir um orlofsmál, skýrsla nefndarinnar liggur frammi og verður ekki kynnt frekar hér, fyrir utan það að inn á borð stjórnar barst fyrirspurn frá nefndinni.

*Nýútskrifuðum sjúkraliðum hefur verið að fækka, sjúkraliðar eru að eldast og því eðlilegt að sjúkraliðastéttin fari minnkandi ef ekkert verður að gert. Á sama tíma er störfum við hjúkrun að fjölga og er eftirspurn eftir sjúkraliðum orðin gífurleg.*

Nefndin óskaði eftir því við stjórn að hún tæki afstöðu til þess hvort félagið keypti einn félagsbústað í Varmahlíð í Skagafirði, en þar er verið að byggja upp bústaðabyggð í mjög fögru skógivöxnu landi innan við Varmahlíð, með nóg af heitu vatni. Með tillögunni væri félagið búið að koma á jafnræði í landinu, með því að eiga einn bústað á Suðurlandi eins og nú háttar til og svo þá einn á Norðurlandi.

Niðurstaða félagsstjórnar var að kaupa ekki bústaðinn, það teldist hagkvæmara að leigja eins og gert hefur verið.”

## Breytt útlit

„Sama er af ritnefnd félagsins að segja, skýrslan liggur frammi til kynningar. Helstu fréttir af þeim vettvangi eru þær að nýtt og breytt útlit er komið á fréttablaðið.”

## Nýr styrktarsjóður

„Að tilstuðlan og með samstarfi BSRB,

BHM og KÍ var samið við fjármálaráðuneytið um að koma á fót styrktarsjóði sem yrði vistaður sameiginlega eða í mörgum sjóðum í hverju stéttafélagi fyrir sig.

Ákveðið var af flestum félögum innan BSRB að stofna sameiginlegan sjóð og kalla hann Styrktarsjóð BSRB. Sjúkraliðafélagið ákvað að vera með í þeim sjóði og telur að þörfum félagsmanna sé best borgið með því að vera í stærri og þar með öflugri sjóði. Þegar hefur verið skipuð stjórn sjóðsins og úthlutunarreglur verið samþykktar. Greitt hefur verið úr sjóðunum frá áramótum 2002.”

## Framtíðarsýn BSRB

„BSRB hefur ákveðið að endurskoða markmið bandalagsins og framtíðarsýn þess. Til þess að betur gangi í stefnumótavinnunni hefur BSRB fengið Pétur Guðjónsson hjá IMG til þess að starfa með stjórninni. Unnið er að framkvæmdinni með því m.a. að kanna hverjar skoðanir félagsmanna stéttafélaga BSRB eru til bandalagsins. Niðurstaða könnunarinnar sýnir hver staðan er á upphafsreit áður en vinnan hefst við endurskoðunina.

Framhaldið hefur síðan verið að stjórnir félaga hafa verið boðaðar á kynningarfundum og jafnframt tekinn púlsinn á félögum hverju þau vilji breyta með það að markmiði að ná betur til félagsmanna innan bandalagsins.”

## Framtíðarsýn SLFÍ

„Í beinu framhaldi af því sem verið er að vinna innan BSRB þá gefur það auga leið



Aðalfundur fulltrúapings Sjúkraliðafélagsins að störfum.

að stéttafélögin þurfa einnig að líta sér nær.

SLFÍ hefur um langt skeið rætt innan sinna vébanda að þörf sé á að efla starfið innan félagsins með því að auka trúnaðarmannafræðsluna og skoða hverju þurfi að breyta í skipulagi félagsins svo betra samband náist milli félagsdeilda, trúnaðarmanna og félagsstjórnar.

Félagið réðist í að láta IMG gera könnun þar sem annars vegar er skoðað viðhorf félagsmanna til SLFÍ og hins vegar hvert viðhorf annarra sé til sjúkraliðastarfsins að mati sjúkraliða sjálfra. Með þessu er félagið búið að stilla sig á upphafsreit og er því tilbúið í næsta skref að markmiðinu.“

### Erlent samstarf

„Erlent samstarf hefur verið með svipuðu sniði og hingað til þó að mæting á fundi hafi legið niðri af hendi Sjúkraliðafélagsins á meðan mesta vinnan var við gerð samninga.

Síðasti fundur var haldinn fyrir nokkru síðan og var þá ákveðið að aðalfundur norrænu samtakanna yrði 13. júní í Osló. Í tengslum við aðalfundinn verður haldin fagráðstefna þar sem unnið verður með spurninguna um á hvern hátt hægt sé að fjölga sjúkraliðum, bæði með því að halda þeim sem lært hafa og eins að fjölga þeim sem fara í námið. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið ákvað að verða við beiðni okkar um að senda á ráðstefnuna fyrirlesara sem fari yfir það sem verið sé að gera í þessum málaflokki á Íslandi. Ráðuneytið mun senda Ragnheiði Haraldsdóttur, skrifstofustjóra, en hún hefur haft hvað mest með þessi mál að gera af hálfu ráðuneytisins. Stjórn félagsins hefur ákveðið að ráðast í að senda félagsstjórnina á ráðstefnuna og mun skýrsla um ferðina væntanlega verða birt í mál-gagni félagsins.“



Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður félagsins, ásamt fulltrúum í framkvæmdastjórn síðasta starfstímabils, en þær eru f.v.: Valgerður Reginsdóttir, Helga Dögg Sverrisdóttir og Guðrún Sverrisdóttir.



Ásta Harðardóttir, Landspítala, varaformaður SLFÍ.



Rannveig María Gísladóttir, Akranesi, formaður Vesturlandsdeildar, ritari SLFÍ.

## Nýjar í stjórn

Á aðalfundi fulltrúapings Sjúkraliðafélagsins voru þrír sjúkraliðar kosnir í framkvæmdastjórn félagsins. Formaður félagsins, Kristín Á. Guðmundsdóttir, var kjörin í allsherjaratkvæðagreiðslu á síðasta ári til þriggja ára.

Margrét Þóra Óladóttir, Ísafirði, formaður Vestfjarðadeildar, gjaldkeri SLFÍ.



## Fleiri rúm fyrir aldraða og sjúka

Eftirfarandi ályktun var samþykkt samhljóða á aðalfundi Fulltrúapings Sjúkraliðafélags Íslands:

„Fulltrúaping Sjúkraliðafélags Íslands fagnar yfirlýsingu heilbrigðisráðherra um stórátak í húsnæðismálum og fjölgun vist- og hjúkrunarrýma fyrir aldraða. Hús án íbúa er engum að gagni, síst þeim sem þar eiga að vistast. Gera þarf stórátak til að fjölga í umönnunarstéttum svo fjölgun vist- og hjúkrunarrýma fyrir aldraða og sjúka þjóni tilgangi sínum.

Þingið hvetur heilbrigðisráðherra og forsvarsmenn sveitarfélaga sem eru með fjölda hæfra ófaglærðra starfsmanna í þjónustu sinni að beita sér fyrir menntun þeirra í samráði og samstarfi við fjölbrauta- og verkmenntaskóla. Menntun sem starfsmenn gætu sótt með vinnu m.a. fyrir tilstuðlan byggðarbrúarinnar.“

# Skapar sóknarfæri fyrir sjúkraliða

„Fulltrúaðing Sjúkraliðafélags Íslands fagnar ásættanlegri niðurstöðu í nýgerðum kjarasamningi. Með honum skapast sóknarfæri fyrir sjúkraliða til aukins framgangs í starfi. Áherslubreytingar á starfssviði sjúkraliða og starfsþróun sem á að gera störf þeirra áhugaverðari og ábyrgari,” segir í ályktun 12. fulltrúaþings Sjúkraliðafélags Íslands sem haldið var 23. maí árið 2002.

Ennfremur segir í samþykkt fulltrúaþingsins:

„Til að ná fram settum markmiðum leggur þingið áherslu á að fjármunum nýstofnaðs starfsþróunarsjóðs og framlag til fræðsluseturs sjúkraliða verði nýtt til þess m.a. að jafna aðstöðumun sjúkraliða alls staðar á landinu, svo þeir geti tileinkað sér nýjungar í starfi og viðhaldið menntun sinni.”

Í öðrum ályktunum fulltrúaþingsins segir:

## Aðgengi að menntun fyrir alla

„Þingið hvetur félagið til að beita sér fyrir aukinni menntun, endur- og símenntun sjúkraliða. Um leið er lögð áhersla á að litið verði á landið sem eina órofa heild við skipulag náms. Aðgengi sjúkraliða að námi verði allstaðar það sama, án tillits til búsetu. Það er og verður óásættanlegt að sjúkraliðar sitji ekki allir við sama borð til náms, sérstaklega með tilliti til nýgerðra samninga sem að hluta til byggja á stöðugu viðhaldi þeirrar menntunar sem sjúkraliðar hafa tileinkað sér.

Merkur áfangi á þeirri leið er árs-viðbótarnám sjúkraliða sem hófst s.l. haust og sem stéttin væntir mikils af. Nám sem gefa á sjúkraliðum ný tækifæri til fjölþættari og ábyrgðarmeiri starfa.”

## Gengið gegn nýsamþykktu reglugerð

„Fulltrúaðing Sjúkraliðafélags Íslands mótmælir harðlega ráðningar- og auglýsingabanni Landspítala – háskólasjúkrahúss. Á sama tíma og vitað er að verulegur skortur er á fólki til hjúkrunarstarfa og annarrar sérhæfðrar þjónustu. Meira og minna er gripið til þess að ráða aðvífandi fólk, án fagmenntunar, til að leysa úr bráðum vanda við umönnun og aðra þjónustu við sjúklinga.

Þingið minnir á nýsamþykktu reglugerð heilbrigðisráðherra, þar sem skýrt er



Fylkt liði í miðbæ Reykjavíkur undir fána Sjúkraliðafélags Íslands. Myndin var tekin á baráttudegi launafólks 1. maí síðastliðinn.

kveðið á um að auglýsa skuli eftir sjúkraliðum ef störf þeirra losna. Auglýsingabann Landspítalans gengur þvert á markmið reglugerðarinnar.”

## Alvarlegur skortur á hjúkrunarfólki

„Auglýsingabann sjúkrahúsanna er til þess eins fallið að breiða yfir og fela alvarlegan skort á hjúkrunarfólki. Væri skorturinn sýnilegri mundu stjórnvöld knúin til þess í fullri alvöru að leggja eitthvað að mörkum sem hvetti ungt fólk, sem er að ákveða framtíð sína, að sækja nám í hjúkrunarfræðum. Stjórnvöld þurfa að beita sér

„Fjármunum nýstofnaðs starfsþróunarsjóðs og framlag til fræðsluseturs sjúkraliða verði nýtt til þess m.a. að jafna aðstöðumun sjúkraliða alls staðar á landinu.”

fyrir sértækum markvissum aðgerðum svo sem námsstyrkjum og sérstöku vaxtalitlum námslánnum til lengri tíma, svo eitthvað sé nefnt.”

## Tekin verði upp fjölskylduvæn starfsmannastefna

„Fulltrúaðing sjúkraliða hvetur stjórnvöld til að gera sjúkrahúsum, dvalar- og hjúkrunarheimilum mögulegt að taka upp fjölskylduvæna vel skilgreinda starfsmannastefnu með mörkuðum framlögum sem auðveldaði ungu fólki að samræma

heimili og starf. Þingið leggur til að opnaðir verði leikskólar að nýju við heilbrigðisstofnanir, með opnunartíma sem hentar starfssemi stofnana sem opnar eru allan sólarhringinn, alla daga ársins.”

## Ungt fólk leitar þangað sem straumurinn liggur

„Vaktavinnan ein er fjölskyldunni, maka og börnum, nógu erfið. Samfélaginu er skylt að gera ungu fólki mögulegt að sækja nám við heilbrigðisþjónustu sem býður upp á krefjandi en um leið skemmtilegt starf. Verði ekkert að gert sem auðveldar ungum foreldrum aðkomuna að heilbrigðisstörfum er ljóst að sú þróun heldur áfram, að ungt fólk leitar á önnur mið. Í auðveldari og betur borguð störf sem sniðin eru að þörfum fjölskyldunnar, laus við annmarka vaktavinnunnar.”

## Vaktavinna kallar á sértækar aðgerðir

„Þingið vekur athygli stjórnvalda á fjölda vísindalegra rannsókna sem sýna fram á óhollustu vaktavinnunnar. Til að draga úr neikvæðum áhrifum hennar, er hvatt til að samið verði um styttri vinnuviku vaktavinnufólks. Lögum um lífeyrissjóði verði breytt og vaktavinnufólki gert mögulegt að ljúka störfum án skerðingar á lífeyri, eftir 40 ára starf eða við 65 ára aldur. Markvissar aðgerðir; hækkuð laun, dagvistun sem fellur að vaktavinnu, styttri vikulegur vinnutími, stytting starfsævinnar og stöðug endur- og símenntun gætu opnað augu ungs fólks til að sækja áhugaverða menntun á heilbrigðissviði í þjónustu við sjúka, aldraða og öryrkja.”

Gunnar Gunnarsson, hagfræðingur Bandalags starfsmanna ríkis og bæja:

# Hækkun meðalgrunnlauna var 28.71%

Meðalgrunnlaun sjúkraliða sem starfa hjá ríkinu höfðu í maí síðastliðnum hækkað að meðaltali um 28,71% frá undirritun samningsins í nóvember í fyrra, þar af var svokölluð vörpun yfir í nýja launakerfið 24,96%, segir Gunnar Gunnarsson, hagfræðingur BSRB, í eftirfarandi úttekt á launalið kjarasamnings Sjúkraliðafélags Íslands við ríkið.


„Á síðasta samningstímabili, 1997 -2001, jókst launamunur milli sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga mikið. Hjúkrunarfræðingar nutu mikils launaskriðs umfram sjúkraliða í kjölfar aðgerða hjúkrunarfræðinga samhliða framkvæmd stofnanasamninga í hinu nýja launakerfi. Á upphafsári síðasta samningstímabils voru grunnlaun sjúkraliða 80% af grunnlaunum hjúkrunarfræðinga. Stöðugt dró hins vegar í sundur og fór hlutfallið lægst í 65%, en við lok samningstímabilsins var hlutfallið 67%.

Eftir verkfallsátök og margra mánaða árangurslausar samningaviðræður, þar sem mikið bar á milli og lítið þokaðist í viðræðum samningsaðila, lagði sáttasemjari ríkisins fram tillögu um að nýr kjarasamningur hvíldi á þeirri forsendu að grunnlaun sjúkraliða næmu 80% af grunnlaunum hjúkrunarfræðinga. Samninganefndir aðila náðu saman á grundvelli þessarar tillögu og var þessu markmiði náð innan hins nýja launakerfis. Hinn miðlægi kjarasamningur auk fjölda stofnanasamninga voru undirritaðir þann 21. nóvember 2001.

## Aðferðafræðin

Í hinu nýja launakerfi ræðst endanleg niðurstaða launaliðar kjarasamnings af annars vegar hinum miðlæga kjarasamningi og hins vegar á stofnanasamningi. Hinn miðlægi kjarasamningur myndar ramma utan um það svigrúm sem hverjum stofnanasamningi er ætlað að veita. Þannig eru öll röðunar- og framgangsákvæði launaliðar að finna í stofnanasamningnum, en t.d. launatöfluna í hinum miðlæga samningi.

Til að samninganefnd sjúkraliða gæti fallist á það sem fýsilegan kost að



kjarasamningurinn hvíldi á þeirri forsendu að grunnlaun þeirra væru 80% af grunnlaunum hjúkrunarfræðinga varð að búa svo um hnútana að samningsaðilar gætu á skilvirkan og auðveldan máta ályktað hvort því markmiði hafi verið náð. Og án ágreinings með því að lágmarka nauðsyn útreikninga og þá um leið reikningskúnta til að komast að niðurstöðu.

Til að tryggja að svo mætti vera var markmiðinu náð með eftirfarandi hætti:


1. Launatafla sjúkraliða er eins og launatafla hjúkrunarfræðinga nema hvað hún er 20% lægri. Þannig að sjúkraliði sem er í B07 hefur 80% af launum hjúkrunarfræðings sem er í B07, að teknu tilliti til þreps. Hins vegar er öll þrepaávinnsla í launatöflu sjúkraliða 5 árum hraðari en hjá hjúkrunarfræðingum, hvert þrep gefur 1,50%. Þannig getur sjúkraliði án útreiknings borið sig saman við hjúkrunar-

fræðinga. Rammi stofnanasamninga er hlutfallslega sá sami, þetta er þáttur hins miðlæga samnings.

2. Þegar launatöflurnar eru orðnar þær sömu, verður því næst að tryggja að sjúkraliðar hvoru tveggja raðist með svipuðum hætti í töfluna og að möguleikar þeirra til framgangs séu þeir sömu og hjúkrunarfræðingar hafa. Þannig var í stofnanasamningunum öllum sjúkraliðum tryggður ákveðinn lágmarksframgangur í starfi, auk hlutlægra framgangsákvæða sem gefa sjúkraliðum möguleika á frekari framgangi með svipuðum hætti og forsendum og gerist hjá hjúkrunarfræðingum. Til að ganga úr skugga um að svo sé er haft til hliðsjónar dreifing í launatöflu og er þá sérstaklega horft til fjórðungsmarka dreifingar. Þannig gefa neðri fjórðungsmörk, tiltekinn launaflokkur og þrep, að 25% sjúkraliða sem lægst er raðað séu í þeim launaflokki og þrepi eða neðar, miðgildi 50% sjúkraliða og efri fjórðungsmörk 75% sjúkraliða. Jafnframt er horft til algengustu, lægstu og efstu röðunar, auk tíundarmarka ef þörf er á. Gefi þessir mælikvarðar svipaða niðurstöðu um dreifingu sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga hefur markmiðinu verið náð!

## Niðurstaða

Á launatöflum 1 & 2 má sjá dreifingu annars vegar sjúkraliða fyrir samning og





hins vegar hjúkrunarfræðinga eftir samning þeirra 2001. Dreifing hjúkrunarfræðinga er mun meiri en dreifing sjúkraliða var. Stefnt var að aukinni dreifingu sjúkraliða og er það í samræmi við samkomulag samningsaðila um að áherslubreyting verði á starfssviði sjúkraliða á samningstímanum.

Launatafla 3 er launatafla nýja kjarasamningsins og er hún alveg eins og launatafla hjúkrunarfræðinga í kjarasamningi þeirra, nema hvað hún er 20% lægri auk hraðari þrepaávinnslu. Jafnframt sést að sú dreifing sem stefnt var á að næðist í gegnum stofnanasamninga. Fjórðungsmörk á dreifingu sjúkraliða skyldi vera þau sömu og fjórðungsmörk dreifingar hjúkrunarfræðinga, nema hvað vænst var að neðri fjórðungsmörk lægju einum launaflokk ofar en hjá hjúkrunarfræðingum.

Launatafla 4 sýnir svo hver raunin varð. Neðri fjórðungsmörk eru þar sem vænst var að þau yrðu, þ.e. B04 5 þrep. Tíðasti launaflokkur og þrep er B07 5 þrep, eins og vænst var. Miðgildið liggur einum launaflokk ofar en vænst var eða B06 5 þrep. Efri fjórðungsmörkin liggja einni launatölu, eða jafngildi eins þreps, hærra en vænst var. En þá ber til þess að líta að hjúkrunarfræðingar hafi fengið framgang síðan skrifað var undir kjarasamning við þá 2001 og því hafa fjórðungsmörk þeirra einnig eitthvað hnikast upp á við.

## Niðurstaðan er því eftirfarandi:


- Vörpunin yfir í hið nýja launakerfi átti að leiða til a.m.k. 24% meðalhækkunar grunnlauna sjúkraliða. Raunin var 24,96% og því ljóst að framkvæmdin hefur að mestu gengið eftir eins og um var samið.
- Meðalgrunnlaun voru 116.512 kr., en fara í 145.598 kr. í nóvember 2001
- Meðalgrunnlaun í janúar voru 149.966 kr.
- Hækkun meðalgrunnlauna frá undirritun samnings nemur því að meðaltali 28,71%, þar af vörpun 24,96%.

## Fyrirvari

Skýrslu hagfræðinga samningsaðila samkvæmt bókun 6 hefur enn ekki verið lokað þar sem enn hafa ekki borist endanleg svör frá tveimur stofnunum, þ.e. FSA og HSA, og er beðið eftir að þau skili inn niðurstöðum úr endanlegri röðun. Aðeins þessar tvær stofnanir sem samninganefnd ríkisins hefur umboð fyrir eru enn undir þeirri niðurstöðu sem samið var um.

Hvað varðar sjálfseignastofnanir og sjúkrahús um allt land, þá er einnig verið að vinna að gerð skýrslu samkvæmt bókun 6. Niðurstaðna er að vænta innan tíðar og verður niðurstaða hennar áþekk þeirri sem að ofan greinir.

Að lokum hvet ég alla sjúkraliða til að kynna sér röðunar- og framgangsákvæði stofnanasamnings síns og leitast við að ná þeim framgangi sem mögulegur er því samningsformið er valið út frá því sjónarmiði að starfsþróun sé nauðsynlegur hluti af starfsmannastefnu hverrar stofnunar."



Fjórðungsmörk röðunar			Röðun	
Neðri	Miðgildi	Efri	Upphaf	Tíðasta
25%	50%	75%		

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	4. þrep	5. þrep	6. þrep
115	85.908	89.173	92.561	96.078	99.729	103.519
116	88.485	91.848	95.338	98.961	102.721	106.625
117	91.140	94.603	98.198	101.930	105.803	109.823
118	93.874	97.441	101.144	104.987	108.977	113.118
119	96.690	100.364	104.178	108.137	112.246	116.512
120	99.591	103.375	107.304	111.381	115.614	120.007

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	4. þrep	5. þrep
	< 30 ára	30 ára	35 ára	40 ára	45 ára
A07/B01	149.354	151.594	153.868	156.176	158.518
B02	153.868	156.176	158.519	160.896	163.309
B03	158.518	160.896	163.310	165.760	168.246
B04	163.309	165.759	168.246	170.770	173.331
B05	168.246	170.770	173.331	175.931	178.570
B06	173.331	175.931	178.570	181.249	183.967
B07	178.570	181.249	183.967	186.727	189.528
B08	183.968	186.727	189.528	192.371	195.256
B09	189.528	192.371	195.256	198.185	201.158
B10	195.257	198.185	201.158	204.175	207.238

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	4. þrep	5. þrep
	< 25 ára	25 ára	30 ára	35 ára	40 ára
A07/B01	119.483	121.275	123.095	124.941	126.815
B02	123.095	124.941	126.816	128.717	130.648
B03	126.815	128.717	130.649	132.608	134.597
B04	130.648	132.607	134.597	136.616	138.665
B05	134.597	136.615	138.666	140.745	142.856
B06	138.665	140.745	142.856	144.999	147.174
B07	142.856	144.999	147.174	149.382	151.622
B08	147.174	149.381	151.622	153.897	156.205
B09	151.622	153.896	156.205	158.548	160.926
B10	156.205	158.548	160.926	163.340	165.790

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	4. þrep	5. þrep
	< 25 ára	25 ára	30 ára	35 ára	40 ára
A07/B01	123.070	124.916	126.790	128.692	130.622
B02	126.790	128.692	130.622	132.582	134.570
B03	130.622	132.581	134.570	136.589	138.637
B04	134.570	136.589	138.638	140.717	142.828
B05	138.637	140.717	142.828	144.971	147.145
B06	142.828	144.970	147.145	149.352	151.592
B07	147.145	149.352	151.592	153.866	156.174
B08	151.592	153.866	156.174	158.517	160.894
B09	156.174	158.517	160.895	163.308	165.757
B10	160.894	163.308	165.758	168.244	170.767

# Hvað finnst félagsmönnum um SLFÍ?

Síðastliðið vor gerði IMG (Alþjóðlega stjórnunarfræðslan) könnun til að draga fram álit félagsmanna Sjúkraliðafélags Íslands á félaginu, starfi þess og þjónustu. Niðurstöðurnar sýna að ímynd félagsins er skýr og jákvæð meðal félagsmanna og reynslan af þjónustu félagsins yfirleitt góð. En einnig kom fram í könnuninni gagnrýni af ýmsu tagi.

Könnunin var gerð um miðjan apríl árið 2002 sem liður í stefnumótunavinnu félagsins. Kannað var viðhorf almennra félagsmanna og trúnaðarmanna innan SLFÍ til þriggja meginþátta:

Í fyrsta lagi félagsstarfið almennt og hvað hægt væri að gera til að virkja fleiri til virkrar þátttöku í félaginu.

Í öðru lagi hver væri ímynd þeirra af SLFÍ og hvaða skoðun þeir héldu að aðrir væru með á starfinu.

Í þriðja lagi hvernig þeim líkaði þjónusta félagsins ef þeir hefðu haft reynslu af henni.

SLFÍ lét IMG í té úrtak sem að samsetningu endurspegladi hlutfallslegan félagafjölda hinna ýmsu félaga innan SLFÍ og aldurs- og búsetuskiptingu.

Rætt var við 102 einstaklinga. Rétt samsetning svarenda á milli landsbyggðar og höfuðborgar er nokkuð í takt við raunverulega skiptingu félagsmanna: Í úrtakinu eru þannig 28% af landsbyggðinni en 72% af höfuðborgarsvæðinu. 29% svar-

Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug þegar minnst er á SLFÍ?

	Heild	Trún.m.	Fél.m.
Félagið/SLFÍ	31%	26%	34%
Gott félag	13%	4%	17%
Mitt félag	12%	22%	7%
Vinnan/starfið/sjúkraliðar	12%	22%	7%
Önnur svör	25%	22%	26%
Svarar ekki/veit ekki	7%	4%	9%

enda eru trúnaðarmenn en 71% almennir félagsmenn. 28% svarenda eru á aldrinum 18-40 ára, 56% eru 41-55 ára og 16% eru 56 ára eða eldri.

Hér á eftir fara meginatriðin í greinargerð IMG um niðurstöður könnunarinnar bæði að því er varðar ímynd og starfsemi félagsins og ímynd sjúkraliðastarfsins.

## Skýr og jákvæð ímynd

„Greinilegt er að almennt séð er ímynd félagsins bæði skýr og jákvæð meðal félagsmanna SLFÍ. Sést það m.a. á þeim svörum sem fram komu þegar spurt var um hvað væri það fyrsta sem mönnum dytti í hug þegar minnst væri á SLFÍ.

Það jákvæðasta við félagið er talið vera „samstaðan“ en hér kemur fram mikill munur á svörum trúnaðarmanna og almennra félagsmanna, en það er fyrr-


nefndi hópurinn sem telur þetta til kosta félagsins. Einnig telja þeir baráttuandann og góða stjórn félagsins vera mikinn styrk. Almennir félagsmenn telja hins vegar mikinn styrk að gott sé að leita til félagsins, og kom þessi svörun sterkar fram á höfuðborgarsvæðinu.

Það neikvæðasta við félagið var alls ekki afgerandi og lítið um sameiginleg svör. Helst bar á því að menn töldu mikinn veikleika að það skorti endurnýjun í raðir sjúkraliða og að starfið hefði ekki áunnið sér þá virðingu sem það á skilið.”


## Betri eða verri en aðrir?

„Talið er að SLFÍ standi sig svipað og önnur launþegasamtök í réttindabaráttunni, en um 57% eru þeirra skoðunar. Þó eru mjög margir sem telja SLFÍ standa sig betur, eða um 28% en þessi tala er þó

Hvernig finnst þér SLFÍ standa sig í kjara- og réttindabaráttunni í samanburði við önnur launþegasamtök?



Hver telur þú að staða SLFÍ verði eftir þrjú ár?



nokkuð hærri hjá „yngsta aldursflokknum“ meðal almennra félagsmanna á höfuðborgarsvæðinu. Einnig meðal trúnaðarmanna á aldrinum 41-55 á höfuðborgarsvæðinu, en í báðum tilfellum er nær helmingur í þessum hópum sem telur að félagið standi sig betur en aðrir. Það kom á óvart að um 23% trúnaðarmanna telja SLFÍ standa sig verr.

Þeir sem telja að SLFÍ standi sig betur en önnur hliðstæð samtök, benda á að félagið sé harðara í kjarabaráttunni, nái betri launakjörum (fleiri eru þessarar skoðunar meðal almennra félagsmanna). Annars er svörun fremur dreifð í þessum málaflokki. Svörun var ákveðnari þegar spurt var um hvernig félagið stæði sig verr:


Trúnaðarmenn töldu að það vantaði meiri kraft í félagið, það hefði dregist aftur úr og að ekki næðust fram nægilega góð hlunnindi. Almennir félagsmenn minnst hins vegar á að félagsmenn stæði ekki nægilega vel saman.

### Traust til félagsins

„Prátt fyrir dreifða ímynd og ákveðna neikvæðni er greinilegt að mikið traust er borið til félagsins. Sést það m.a. á því að flestir telja að staða SLFÍ verði svipuð eftir 3 ár (rúmlega 60% aðspurðra) eða jafnvel sterkari (um 30%) Mjög fáir telja að staða félagsins verði veikari.

Athyglisvert er að „trúnaðarmenn“ á aldrinum 18-40 á höfuðborgarsvæðinu skera sig út úr almennri svörun, því langflestir þeirra telja að staða félagsins verði sterkari.

Almennt séð er ímynd félagsins bæði skýr og fremur jákvæð í sjálfu sér en einnig kemur fram að þótt tilfinningalega beri menn hlýhug til félagsins er eins og huglægt mat á styrkleika félagsins sé ekki nægilega skýrt og einnig er of mikil svörun í þá átt að félagið sé ekki eins gott og sum önnur félög.“



Á þessu kökuriti má sjá svör þátttakenda í könnunni við spurningunni um hvað þeim finnst jákvæðast við Sjúkraliðafélag Íslands.

## Hvað finnst þér jákvæðast við SLFÍ?

	Heild	Trún.m.	Fél.m.
Góð samstaða / standa vel saman	19%	31%	13%
Gott að leita þangað og fá upplýsingar	9%	0%	13%
Góð stjórn / góð forysta	9%	13%	8%
Síðustu samningar	5%	0%	8%
Góð barátta / baráttuhugurinn	5%	13%	2%
Önnur svör	40%	30%	43%
Svarar ekki / veit ekki	13%	13%	13%

## Hvað finnst þér jákvæðast við SLFÍ?

Samkvæmt könnun IMG er mikill munur á svörum trúnaðarmanna og almennra félagsmanna við spurningunni hvað sé jákvæðasta við Sjúkraliðafélagið. Trúnaðarmenn telja „samstöðuna“ til helstu kosta félagsins og eins að baráttuandinn og góð stjórn félagsins sé mikinn styrk. Almennir félagsmenn telja hins vegar mikinn styrk að gott sé að leita til félagsins og kom þessi svörun sterkar fram á höfuðborgarsvæðinu.

Viðhorf 40% þátttakenda til þessarar spurningar eru flokkuð sem „önnur svör“ og gefa eftirfarandi athugasemdir svarenda nokkuð til kynna hver þau eru:

#### Trúnaðarmenn:

„Er lítið og traust félag“. „Það er að eflast“. „Gott félag“. „Jákvætt í heild sinni“. „Góð þjónusta“. „Allt hefur komist vel til skila“. „Að þetta sé fagfélag“.

#### Almennir félagsmenn:

„Gott félag“. „Góð þjónusta“. „Ánægð með samninga“. „Ánægð með frammi-stöðu Kristínar“. „Ánægð með bústaðina“. „Gott að hafa félag“. „Fréttablaðið, að geta fylgst með“. „Hvað þau eru snögg og tilbúin að redda hlutunum“. „Standa vel í launa- og menntamálum“. „Duglegt fólk“. „Vernduð starfsgrein“. „Margt“. „Stórt og öflugt“. „Ekki mikið jákvætt“. „Sterkt félag, mætti vera betra“. „Vinnur vel að okkar málum“. „Námskeið, fræðsla, og uppákomur“. „Jákvætt að gera þessa könnun“.

#### Og hvað er neikvæðast?

Líka var kannað hvað þætti neikvæðast við starfsemi félagsins. Svörin voru „alls ekki afgerandi og lítið um sameiginleg svör. Helst bar á því að menn töldu mikinn veikleika að það skorti endurnýjun í raðir sjúkraliða og að starfið hefði ekki áunn-ið sér þá virðingu sem það á skilið.“

#### Nokkur dæmi um svör við því hvað sé neikvæðast við SLFÍ:

##### Trúnaðarmenn:

„Mismunandi upplýsingar“. „Að allir sjúkraliðar skuli ekki vera í félagi“. „Ekki næg virkni á landsbyggðinni“. „Mætti vera faglegra, er of stéttarfélagslegt“. „Of hár aldur, vantar endurnýjun“. „Hefur ekki barist nóg fyrir lögvernd starfsins“. „Of fáir sjúkraliðar“.

##### Almennir félagsmenn:

„Samstaðan í félaginu“. „Lítið um sjúkraliða á landsbyggðinni“. „Síminn á tali“. „Léleg laun“. „Lélegir samningar“. „Vinna illa“. „Formaðurinn alltof pólitískur“. „Veik stjórn“. „Vantar orlofssjóð og bústaði“. „Baráttan ekki eins góð í gegnum árin“. „Fullmikið kvennafélag“. „Ekki nógu viðurkennd stétt, illa metin stétt miðað við nám og vinnu“. „Síðustu samningar ekki nógu góðir“.

# Þjónustan fær góða einkunn hjá flestum

„Meirihluti aðspurðra hefur nýtt sér þjónustu SLFÍ, eða um 76%. Er þetta hlutfall ívíð hærra meðal trúnaðarmanna, eða um 95%,“ segir í niðurstöðun IMG.

„Athyglisvert er að þeir sem ekki hafa nýtt sér þjónustuna eru flestir af höfuðborgarsvæðinu og þá í 2 yngstu aldershópnum meðal almennra félagsmanna.

Helst bar á því að menn höfðu sótt ýmis námskeið, fengið orlofshús, eða borið upp ýmsar fyrirspurnir.

Þjónusta SLFÍ almennt séð fær góða einkunnargjöf hjá flestum. Samt er tæplega fjórðungur aðspurðra sem hefur eitt og annað út á hana að setja.

Almennir félagsmenn kvarta undan því að ekki sé nægilega mikið hlustað á þá, að bæta þurfi upplýsingaflæðið og að þá vanti meiri tengsl.

Trúnaðarmenn telja að margt sé „staðnað“ hjá félaginu.”

## Helsta gagnrýnin

„Langmesta gagnrýnin kemur frá almennum félagsmönnum á höfuðborgarsvæðinu á aldrinum 41-55, en þar er um 50% í þessum hópi sem gagnrýnir eitt og annað.

Langflestum fannst auðvelt að ná í réttan aðila innan SLFÍ og yfirleitt voru menn sáttir við hvernig staðið hefði verið að úrlausn mála fyrir þá. Samt hafði um fimmtungur aðspurðra eitt og annað við þetta að athuga og bar meira á gagnrýni hjá hinum almenna félagsmanni.

Enn og aftur skáru almennir félagsmenn

## Hvaða þjónustu félagsins hefur þú nýtt þér?

	Heild	Trún.m.	Fél.m.
Námskeið	30%	25%	32%
Sumarbústaði	20%	21%	19%
Fyrirspurnir / fræðsla	11%	9%	13%
Ráðgjöf	8%	3%	11%
Upplýsingar um launamál	7%	15%	2%
Önnur svör	23%	24%	23%
Veit ekki / svarar ekki	1%	3%	0%

## Hvað finnst þér um þjónustu SLFÍ almennt séð á skalanum 1-5?

	Heild	Trún.m.	Fél.m.
"4,0"	47%	61%	42%
"3,0"	21%	9%	26%
"5,0"	17%	26%	13%
"1,0"	3%	4%	2%
"2,0"	1%	0%	2%
0Veit ekki	11%	0%	15%


á höfuðborgarsvæðinu á aldrinum 41-55 sig úr en núna er yngsti hópurinn meðal félagsmanna á höfuðborgarsvæðinu einnig ósáttur við hvernig staðið sé að úrlausn mála.

Talað var um að menn mættu vera meira við á skrifstofunni og að æskilegt væri að fá skýrari svör.


Þó nokkrum fannst að það vantaði einhverja þjónustu hjá félaginu eða um 20% heildarúrtaksins en ríflega þriðjungur

meðal trúnaðarmanna, en flestir þeirra voru frá höfuðborgarsvæðinu og í yngsta aldurshópnum. Þeir vildu að sumar- bústöðum væri sinnt betur og vildu fá fleiri námskeið. Almennir félagsmenn minnstust einnig á þessi 2 atriði, en að auki fannst þeim þörf á meiri tengslum við sig. Þeir sem skáru sig úr hvað varðar svörum meðal almennra félagsmann voru á aldrinum 41-55 og búa á höfuðborgarsvæðinu.”


### Finnst þér auðvelt/erfitt að ná í réttan aðila innan SLFÍ?




### Hvernig hefur þér gengið að fá úrlausn á þínum málum hjá SLFÍ á skalanum 1-5?



Hvers konar félagsstarfi hefur þú tekið þátt í?



Af hverju hefur þú ekki tekið þátt?



# Helmingurinn hefur tekið þátt í félagsstarfi

„Ríflega helmingur aðspurðra hafði tekið einhvern virkan þátt í félagsstarfinu. Var þetta hlutfall eðlilega mun hærra meðal trúnaðarmanna, eða um 90%, en tæplega 40% af almennum félagsmönnum hafa tekið einhvern virkan þátt í starfinu,“ segir í niðurstöðum skoðanakönnunar IMG fyrir Sjúkraliðafélagið.

„Menn tóku þátt vegna þess að þeir voru kjörnir til þess (trúnaðarmenn) eða vegna „áhuga“, vegna þess að þeir vilja vera virkir og einnig stuðla að því að fá betri kjör. Menn höfðu helst verið virkir með því að mæta á fundi (um 40% aðspurðra), verið trúnaðarmenn, unnið að kjaramálum, setið í stjórnum eða nefndum, m.m.

Þeir sem höfðu ekki tekið þátt töldu að það hafa verið í mörgum tilfellum vegna skorts á áhuga, tímaleysis en einnig voru nokkrir sem sögðust vera tiltölulega nýbyrjaðir.

Þegar spurt var um hvað hefði þurft að koma til svo þeir hefðu tekið virkan þátt í félagsstarfinu taldi ekki nema ríflega 10% sig ekki vita það. Svo virðist sem það sé á hreinu af hverju er ekki tekið þátt í félagsstarfinu. Langflestir töldu að þeir þyrftu meiri tíma, eða meiri áhuga. Einnig var rætt um að gott hefði verið að vera með meira félagslíf, meiri tengsl og einnig ef þeir hefðu verið trúnaðarmenn, þá hefðu þeir virkjast.“

## Sáttir við þáttöku sína

„Langflestir sem hafa tekið virkan þátt í félagsstarfinu eru mjög sáttir við sína þátttöku.


Það sem þeim fannst jákvæðast við það var að þannig gátu þeir fylgst betur með, kynnst starfi félagsins betur, haft ánægju af því að vinna með fólki, að þetta hafi verið mjög fræðandi og gaman að því að finna þá samstöðu sem hafi ríkt innan félagsins.

Það sem þeim fannst neikvæðast var að þetta var tímafrekt og krefjandi starf og oft höfðu þeir þurft að sitja ómarkvissa og leiðinlega fundi.


Langflestum aðspurðra finnst aðild sín að SLFÍ skipta þá miklu máli og fáir töldu að sú aðild skipti litlu máli. Aðildin skiptir félagsmönnum miklu mála bæði vegna kjarabaráttunnar sem þar fer fram en einnig vegna þess að þeir finna vissan stuðning, ákveðna umönnun frá félaginu. Ákveðna „vernd“.

Þegar spurt var um hvort viðmælendur vildu bæta einhverju við varðandi það að draga úr eða auka við eitthvað í hlutverki SLFÍ voru margir (um 60%) sem vildu tjá sig um þennan þátt. Fram komu margvíslegar ábendingar. Helst bar á því að SLFÍ ætti að auka kynningu á starfinu meðal almennings og að stuðla að því að innan vébanda þess ríkti meiri samstaða.“


(Ef tekið þátt) Hvernig fannst þér að taka þátt í félagsstarfinu?




Skiptir aðild þin að SLFÍ miklu/litlu máli?



Hvað finnst þér um það álit sem aðrir eru með af starfi sjúkraliða?



Hverjir eru neikvæðastir út í starfið/stéttina?



# Breyta þarf ímynd sjúkraliðastarfsins

Mjög margir sjúkraliðar „telja að alltof margir séu með neikvæða ímynd af sjúkraliðastarfinu, en ríflega 40% telja svo vera og aðeins um þriðjungur aðspurðra telur að ímyndin sé jákvæð. Er þetta hlutfall enn lægra meðal trúnaðarmanna, en aðeins um fimmtingur þeirra telja að ímynd starfsins sé jákvæð,” segir í niðurstöðum skýrslu IMG um skoðanakönnunina sem fyrirtækið gerði fyrir Sjúkraliðafélagið.


„Talið er að hjúkrunarfræðingar séu neikvæðastir út í sjúkraliða, en ríflega helmingur aðspurðra telur svo vera og er hlutfallið mun hærra meðal trúnaðarmanna, eða um 70%. Talið er að þeir sem séu jákvæðastir út í sjúkraliða séu sjúklingarnir sjálfir, en mörgum trúnaðarmönnum finnst einnig að læknar séu það.”

## Hvað er til ráða?


„Til að gera ímyndina jákvæða telja flestir að vænlegast sé að gera sjúkraliða sýnilegri og það fremur en að hækka launin þótt einnig sé minnst á þann þátt,” segir enn fremur í niðurstöðum IMG. „Einnig voru margir sem minntust á að sjúkraliðar sjálfir ættu að ganga hnakkreistir og líta jákvæðum augum á sitt starf.

Þegar spurt var um hvað SLFÍ gæti gert til að stuðla að bættri ímynd starfs sjúkraliða, taldi stærsti svörunarhópurinn eða um 50% aðspurðra að félagið ætti að kynna starfið betur fyrir almenningi.”


Hvað telur þú að SLFÍ geti gert til að ímynd af starfi sjúkraliða verði jákvæðari?



Hverjir eru jákvæðastir út í starfið/stéttina?



Hvað finnst þér helst þurfa að gera til að ímyndin af starfinu verði jákvæðari í augum annarra?



# Forgangur að störfum

„Losni staða við almenna eða sérhæfða hjúkrun eða starf við sérhæfða umönnun á vettvangi sjúkraliða ber stofnuninni að auglýsa eftir sjúkraliða áður en gripið er til þess að auglýsa eftir ófaglærðum starfsmanni til aðhlyningar,” segir Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélags Íslands, í bréfi til trúnaðarmanns félagsins á Höfða á Akranesi.

Í bréfinu er vitnað þessu til stuðnings í yfirlýsingu heilbrigðisráðuneytisins frá 27. nóvember 1992 og til nýrrar reglugerðar um réttindi sjúkraliða.

Í fyrrnefndri yfirlýsingu er það sjónarmið staðfest af hálfu ráðuneytisins að sjúkraliðar skuli hafa slíkan forgang. Þar segir m.a.:

„Hafi ófaglært starfsfólk verið ráðið tímabundið í stöður sem ætlaðar eru sjúkraliðum telur ráðuneytið eðlilegt að stjórnir ráði sjúkraliða þegar þess er kostur.

Þá vill ráðherra beina þeim ákveðnu tilmælum til hjúkrunarforstjóra að menntun sjúkraliða sé að fullu nýtt þegar verkaskipping er ákveðin á sjúkrahúsum og hjúkrunarfræðingar séu ekki ráðnir til starfa þegar hægt er að nýta sjúkraliða.”

Ennfremur beinir ráðherra því til stjórna sjúkrastofnana í þessari yfirlýsingu að þær skuli “nota að fullu þær stöðuheimildir fyrir sjúkraliða sem stofnanirnar hafa,

þegar kostur er á sjúkraliðum til starfa.”

Í nýju reglugerðinni frá 26. nóvember 2001 eru tekin af öll tvímæli hvað þetta varðar. Þar segir:

„Ekki er heimilt að ráða aðra en sjúkraliða til sérhæfðra umönnunar- og hjúkrunarstarfa samkvæmt 3. mgr. 3. gr., nema áður hafi verið auglýst eftir sjúkraliðum.”

Nýja reglugerðin er birt í heild sinni hér á síðunni.



Sjúkraliðar fjölmenntu hjá Jóni Kristjánssyni, heilbrigðismálaráðherra, þegar ekkert gekk í kjaradeilu félagsins fyrir rúmu ári. Hanna M. Geirsdóttir les áskorun til ráðherrans.

## Reglugerðin í heild

Reglugerð heilbrigðisráðherra nr. 897/2001 frá 26. nóvember 2001 um menntun, réttindi og skyldur sjúkraliða er svohljóðandi:

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig sjúkraliða og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má veita þeim, sem lokið hefur námi frá skóla hér á landi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið viðurkennir.

Leyfi má og veita þeim sem lokið hefur hliðstæðu námi erlendis. Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar Sjúkraliðafélags Íslands og Hjúkrunarráðs.

3. gr.

Starfsvettvangur sjúkraliða er á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum, heilsugæslustöðvum og öðrum heilbrigðisstofnunum.

Sjúkraliði starfar á hjúkrunarviði og vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Sjúkraliði starfar einkum við almenna og sérhæfða umönnun sjúkra og við þau hjúkrunarstörf sem hann hefur menntun og faglega færni til að sinna. Við mat á faglegri færni skal tekið tillit til viðbótarmenntunar sem sjúkraliði hefur aflað sér.

4. gr.

Ekki er heimilt að ráða aðra en sjúkraliða til sérhæfðra umönnunar- og hjúkrunarstarfa samkvæmt 3. mgr. 3. gr., nema áður hafi verið auglýst eftir sjúkraliðum. Hafi verið auglýst eftir sjúkraliðum á síðustu sex mánuðum án árangurs er þó ekki skylt að auglýsa að nýju.

5. gr.

Sjúkraliða er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum og eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt hann láti af störfum.

6. gr.

Sjúkraliða ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum um sjúkraliða nr. 58/1984 og öðlast gildi nú þegar.

## Skiptidvöl á Norðurlöndum

Norræna ráðherranefndin veitir styrk til þess að gera ríkisstarfsmönnum kleift að stunda tímabundið nám eða störf á starfsvettvangi sínum í ríkisstofnunum á öðrum Norðurlöndum. Umsóknarfrestur fyrir næsta almanaksár rennur út 30. nóvember.

Skiptin eru ekki bundin við sérstök störf eða starfshópa, en starfið eða námið verður þó að vera í faglegum tengslum við verkvið umsækjanda og teljast bæði stofnun og starfsmanni til gagns. Dvölin skal skemmst vera 1 mánuður og lengst 12 mánuðir og þarf helst að vera öll innan sama almanaksárs.

Árleg fjárveiting ráðherranefndarinnar sem skiptist á milli einstakra landa er veitt til að greiða ferðakostnað, kostnað vegna húsnæðis og fleira. Þeirri fjárhæð sem til ráðstöfunar er fyrir Ísland er skipt niður á styrkþega. Vegna takmarkaðrar fjárveitingar getur þurft að velja úr umsóknum eða takmarka dvalartíma hvers og eins.

Á dvalartímanum nýtur starfsmaður venjulegra mánaðarlauna frá ráðuneyti eða stofnun í heimalandinu eins og um órofinn starfstíma væri að ræða. Þetta er ein af forsendum þess að starfsmaðurinn hljóti styrkveitingu.

Ráðherranefndin greiðir styrk sem er nú að jafngildi 7000 krónur danskar á mánuði, auk ferðakostnaðar til og frá dvalarstað.

Frekari upplýsingar um þetta efni er að finna á vef fjármálaráðuneytisins (<http://brunnur.stjr.is/interpro/fjr/fjr.nsf/pages/skiptidvol>).

## Ný handbók

Landlæknisembættið hefur sent frá sér nýja handbók um skráningu hjúkrunar. Bókin er 336 blaðsíður að stærð og kostar 3.500 krónur á skrifstofu landlæknis.

Á árinu 2001 fór Landlæknisembættið að gera þær kröfur til stofnana að skráning hjúkrunar sé einn liður í lágmarksskráningu vistunarupplýsinga á heilbrigðisstofnunum. Þessi handbók auðveldar starfsfólki stofnananna að mæta þeim tilmælum.

Í handbókinni er fjallað um 155 hjúkrunargreiningar. Greining og tillögur um hjúkrunarmeðferð eru tengdar saman á auðskiljanlegan hátt.



Nemendur í framhaldsnáminu fyrir framan Ármúlaskólann. Frá vinstri: Hulda Hanna Jóhannsdóttir, heilsugæslan Reykjavík, Guðrún Sverrisdóttir, Grensás Tauga- og endurhæfingardeild, Inga Lóa Guðmundsdóttir, forstöðumaður Dagdvöl aldraðra Reykjanesbæ, Edda Sjöfn Smáradóttir, Hrafnistu í Hafnarfirði, Ásla Fossádal, Víðihlíð í Grindavík, Elín Þorsteinsdóttir, Víðihlíð í Grindavík, Áslaug Maríasdóttir, sjúkrahúsinu Akranesi, María Ólafsson, Landakoti, Kristín Pálína Magnúsdóttir, Höfða Akranesi, Margrét Vífilisdóttir, sjúkrahúsinu Akranesi, og Bára Emilsdóttir, heilsugæslunni Reykjavík. Á myndina vantar: Jóhönnu Svönu Sigurvinsdóttur, Garðvangi Garði, og Guðrúnu Viggósdóttur, Sunnuhlíð Kópavogi. - Mynd AKB

# Þrettán sjúkraliðar í framhaldsnámi

Þrettán sjúkraliðar hafa allt þetta ár stundað framhaldsnám í öldrunarhjúkrun og stjórnun við Ármúlaskólann, en þetta er fyrsta árið sem boðið er upp á slíkt viðbótarnám fyrir sjúkraliða. Um er að ræða níu mánaða bóklegt nám ásamt átta vikna verknámi á milli anna.

Fyrri önn námsins lauk í vor með prófum, en þá tók við verknám á hinum ýmsu heilbrigðisstofnunum. Nú er haustönnin hafin og náminu lýkur síðan í desember þegar nemendur verða brautskráðir.

## Forsagan

Í maí árið 2000 skipaði þáverandi heilbrigðisráðherra, Ingibjörg Pálmadóttir, nefnd til þess að gera tillögur um framhaldsnám fyrir sjúkraliða með það að markmiði að auka starfsréttindi þeirra. Nefndin hélt tólf fundi og lauk störfum með skýrslu og tillögum til ráðherra 24. janúar 2001.

„Mikill skortur á sjúkraliðum til starfa veldur verulegum erfiðleikum innan heilbrigðisþjónustunnar og er vaxandi áhyggjuefni,“ segir í skýrslu nefndarinnar.

„Frá árinu 1983 hefur starfsleyfum sjúkraliða farið fækkandi ár frá ári.

Skorturinn er hvergi meiri en á dvalar- og hjúkrunarheimilum aldraðra. Hlutfall aldraðra af þjóðinni fer hækkandi og fyrir sjáanlegt er að þörf fyrir starfsfólk í heilbrigðisþjónustu aldraðra aukist verulega á næstu árum og áratugum.“

## Tillögur nefndarinnar

Með þetta í huga gerði nefndin meðal annars eftirfarandi tillögur:

„1. Stofnað verði til tveggja anna viðbót-

## Sjúkraliðanám fyrst árið 1965

Sjúkraliðanám var fyrst sett á stofn á Íslandi árið 1965 að danskri fyrirmynd. Námið fór fram á Sankti Jósefsspítalanum í Reykjavík og á Fjórðungssjúkrahúsinu Akureyri. Það var 9 mánuðir og skiptist í bóklegt nám og starfsnám á sjúkrahúsum.

Fyrstu sjúkraliðarnir voru útskrifaðir frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri vorið 1966. Sjúkraliðaskóli Íslands var stofnaður árið 1975 og var starfræktur undir stjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Sjúkraliðaskólinn var lagður niður árið 1990 og námið flutt í Fjölbrautaskólann við Ármúla/Heilbrigðisskólann. Fyrstu

sjúkraliðarnir voru útskrifaðir frá FÁ haustið 1991. Framhaldsnám fyrir sjúkraliða hófst við skólann í janúar 1992. Fram til ársins 2001 var boðið upp á einnar annar framhaldsnám við sjúkraliðabraut skólans fyrir starfandi sjúkraliða, en í janúar 2002 hófst tveggja anna framhaldsnám í öldrunarhjúkrun við skólann.

Starfsvettvangur sjúkraliða eru á sjúkrahúsum og stofnunum fyrir aldraða, við heimahjúkrun og félagsþjónusta aldraðra. Þeir sjúkraliðar sem ljúka framhaldsnáminu fá meiri starfsréttindi á öldrunarsviði innan heilbrigðikerfisins.



arnáms fyrir sjúkraliða þar sem í fyrstu verði sérstök áhersla lögð á öldrunarþjónustu. Miðað verði við að sjúkraliðar sem lokið hafa viðbótarnáminu öðlist sérstaka færni við tiltekna umönnun.

2. Tryggja þarf að grunnmenntun sjúkraliða nýtist sem best í störfum þeirra innan heilbrigðisþjónustunnar.

3. Tryggja þarf að sjúkraliðar sem ljúka viðbótarnámi í samræmi við tillögur nefndarinnar fái störf sem hæfa menntun þeirra og færni. Jafnframt þarf að tryggja að sjúkraliðar sem lokið hafa viðbótarnámi fái umbun í samræmi við aukna ábyrgð og þyngri starfskröfur."

### Skipulag námsins

Á haustmánuðum árið 2001 var skipaður starfshópur til þess að semja námskrá fyrir framhaldsnám sjúkraliða. Hann lauk störfum í nóvember sama ár. Við samningu námskrárinnar voru tillögur fyrrgreindrar nefndar hafðar að leiðarljósi.

Framhaldsnám sjúkraliða í öldrunarhjúkrun er alls 43 námseiningar. Námið hefst á vorönn sem lýkur með prófum. Þá tekur við 8 vikna starfsnám á öldrunarstofnunum undir leiðsögn hjúkrunarfræðinga. Seinni önnin hefst síðan að hausti og nemendur eru brautskráðir frá skólanum í desember.

Inntökuskilyrði í framhaldsnám sjúkraliða er sjúkraliðanám frá viðurkenndum skóla og fjögurra ára starfsreynsla sem sjúkraliði.

Í námskránni segir meðal annars að námið miði að því að þjálfa færni og hæfni nemenda til að standast kröfur öldrunarþjónustunnar um nákvæmni, áreiðanleika og fagleg vinnubrögð. Tilgangurinn sé að búa nemendur undir aukna ábyrgð á sviði öldrunarþjónustu.

Meðal námsefnis er hugmyndafræði hjúkrunar, öldrunarhjúkrun, lyfhrifafræði, lífeðlisfræði, heilbrigðisfræði, sálfræði, upplýsingatekni og stjórnun.

Að sögn Guðrúnar Hildar Ragnarsdóttur hjá Ármúlaskólanum stendur til að skólinn kaupi fjarfundabúnað og er þá stefnt að því að kenna einhverja áfanga í framhaldsnáminu með hjálp slíks búnaðar, en það kæmi sérstaklega vel fyrir sjúkraliða úti á landi.

Tilgangur verknámsins er að gera nemendur hæfari til að takast á við raunverulegar aðstæður á sjúkrahúsum og öldrunarstofnunum og búa þá undir aukna ábyrgð og sjálfstæði í störfum sínum.

Sjúkraliðar sem ljúka framhaldsnáminu fá aukin starfsréttindi á öldrunarsviði innan heilbrigðiskerfisins.



Sjúkraliðar spjalla saman í Ármúlaskólanum fyrir vorpróf. Frá vinstri: Edda Sjöfn Smáradóttir, Bára Emilsdóttir, Kristín Pála Magnúsdóttir, Ásla Fossádal, Elín Þorsteinsdóttir, Margrét Vífilisdóttir, Hulda Hanna Jóhannsdóttir og Áslaug Maríasdóttir. - Mynd AKB

## Eins árs námi aflýst

Fjölbrautarskólinn í Breiðholti hefur hætt við eins árs framhaldsnám fyrir sjúkraliða sem kynnt var fyrr á árinu.

Samkvæmt kynningu skólans átti að kenna að degi til þrjá daga í viku í níu mánuði - á „kvöldskólahraða“ - og þannig komast mun hraðar yfir námsefnið en gert er ráð fyrir hjá Fjölbrautarskólanum í Ármúla. En þeir sjúkraliðar sem létu skrá sig fengu nýverið tilkynningu um að hætt væri við þetta nám.

„Ástæða fyrir því að hætt var við umrætt nám var einfaldlega sú að ekki fékkst næg þátttaka,“ sagði Þorbjörg Jónsdóttir hjá Fjölbrautarskólanum í Breiðholti við Sjúkraliðann. „Gert var ráð fyrir 20-25 nemendum til þess að dæmið gengi upp, en umsækendur voru aðeins 12 talsins. Þess ber að geta að hér er um kostnaðarsamt nám að ræða þar sem fjöldi gestafyrirlesara kemur við sögu.“

## Sjúkraliðanámið: Aukin aðsókn í Ármúla og Breiðholt

Verulega aukin aðsókn er í almenna sjúkraliðanámið hjá báðum fjölbrautarskólunum sem bjóða upp á slíkt nám, það er í Ármúla og Breiðholti.

„Aðsókn að sjúkraliðanámi hér við skólann hefur aldrei verið meiri,“ segir Guðrún Hildur Ragnarsdóttir hjá Ármúlaskóla. „Alls bárust 45 umsóknir um námið.“

„Það er mjög ánægjulegt hversu mikil aukning hefur verið á nemum í sjúkraliðanám hjá okkur,“ segir Þorbjörg Jónsdóttir hjá Fjölbrautarskólanum í Breiðholti. „Nýnemaaukningin hefur komið okkur hvað mest á óvart, en þar eru innritaðir í byrjunaráfanga í hjúkrun 21 nemandi í kvöldskóla og 19 í dagskóla og hafa allir þessir nemendur skil að sér og hafið nám. Einnig er umtalsverð aukning í öðrum áföngum hjúkrunar og þar virðist vera mikið um eldri nemendur sem hafa ákveðið að halda áfram námi þar sem frá var horfið. Þetta er að sjálfsögðu mikið gleðiefni fyrir okkur.“



Nemendur í framhaldsnáminu við Ármúlaskóla mæta til prófs við lok vorannar. Aftari röð frá vinstri: Bára Emilsdóttir, Áslaug Maríasdóttir, Ásla Fossádal, Elín Þorsteinsdóttir, Guðrún Sverrisdóttir, Margrét Vífilisdóttir, Edda Sjöfn Smáradóttir og Svava Þorkeldsdóttir, kennari. Fremri röð frá vinstri: Kristín Pálína Magnúsdóttir, Inga Lóa Guðmundsdóttir og Hulda Hanna Jóhannsdóttir. Á myndina vantar Maríu Ólafsson, Jóhönnu Svönu Sigurvinsdóttur, og Guðrúnu Viggósdóttur. - Mynd AKB

Ritgerðir sjúkraliða:

# Brýnt að búa sig undir eftirlaunaaldurinn

Í þessu verkefni ætla ég að fjalla um það hvernig má undirbúa eftirlaunaaldurinn með tilliti til tómsunda. Ég ætla að ræða um nauðsyn þess að byrja tímanlega að undirbúa sig og hvernig hægt er að gera það. Síðan ætla ég að tengja hlédrægniskenninguna, athafnarkenninguna og samfellukenninguna við tómsundir og hvaða áhrif þær hafa haft á þá þjónustu sem er í boði.

Gott væri að brýna fyrir fólki að huga vel að þessum málum, það er allt of algengt að fólk stingi höfðinu í sandinn og vakni svo upp allt of seint. Ég tel samt að umræðan sé að opnast meira og fólk sé að opna augun fyrir þessu. Ég vona líka að viðhorfið í þjóðfélaginu til aldraðra almennt sé að batna. Hlutfall aldraðra í þjóðfélaginu er að aukast og aldraðir eru að verða meðvitaðri um sinn rétt. Það er margt jákvætt við að komast á eftirlaunaaldurinn, og skiptir þá miklu máli að hafa að nógu að hverfa.

## Undirbúningur tómsunda

Það breytist mjög margt þegar fólk fer á eftirlaun og hættir á vinnumarkaðinum. Meiri tími er til ráðstöfunar, og getur reynst erfitt að fylla upp í hann. Vinnufélagarnir, sem eru stór partur af daglegum samskiptum okkar við annað fólk, eru ekki lengur hluti af okkar daglega lífi, ásamt ýmsu sem tengist vinnunni svo sem fundir, skemmtun og ferðalög.

Mikilvægast er að eitthvað komi í staðinn og nauðsynlegt er að undirbúa tómsundir sínar vel. Það er mjög nauðsynlegt að byrja snemma að undirbúa sig, og huga vel að öllum undirbúningi. Við þurfum að hugsa vel um það hvað okkur finnst skemmtilegt að gera og finna út hvar áhugi okkar liggur. Síðan þarf að samræma það við getu, eða aðlaga hlutina að eigin getu. Nauðsynlegt er að vera búin að afla sér þeirra tækja og búnaðar sem ef til vill þarf að nota við tómsundirnar.

Ég tel líka að það sé gott að vera byrjaður að sinna áhugamálum sínum áður en að maður hættir að vinna, því það getur reynst erfitt að ætla allt í einu að fara að



Margrét Vífilisdóttir skrifar um undirbúning eftirlaunaaldursins með tilliti til tómsunda.

gera fullt af nýjum hlutum, og mynda ný tengsl við fólk. Gott getur verið að vera búin að kynna sér hvað er í boði fyrir eldri

borgara hjá félagsmiðstöðvum, sveitarfélögum, Félagi eldri borgara og kirkjunni. Einnig er hægt að notafæra sér aðrar leiðir en þær sem eru hugsaðar fyrir eldri borgara, og mikið framboð er af almennt tómsundaiðkun. Ég tel mjög nauðsynlegt að fólk fari á námskeið um starfslok og fræðist um þann tíma sem framundan er, áður en að honum kemur. En það er aldrei gott að fara í blindni að ráðum annarra, og nauðsynlegt er að hugsa út frá sér og sínu áhugasviði. Svo er um að gera að lifa í nútíðinni og passa að festast ekki í gömlum venjum.

Ég tel að það sé hugarfarið sem hefur mest um það að segja hvernig til tekst hjá fólki með að njóta eftirlaunaáranna. Ef fólk er jákvætt og virkt í samfélaginu og fær að vera áfram sjálfstæðir einstaklingar sem hafa um sín mál að segja, hlýtur það að efla einstaklinginn í verkum sínum og auka styrk hans.

## Hlédrægniskenningin

Samkvæmt hlédrægniskenningunni er mannum eiginlegt að draga sig í hlé frá umstangi heimsins með hækkandi aldri. Uppbygging elliheimila var byggð á þessari kenningu og átti hún að tryggja öldruðum áhyggjulaust ævikvöld. Þar var rólegt og kyrrlátt, og aðrir önnuðust allar þarfir hins aldraða, svo hann þyrfti engar áhyggjur að hafa. Kenningin styður þá þjónustu, sem miðar að því að aldraðir dragi sig í hlé og hvílist á ævikvöldinu.

## Athafnarkenningin

Athafnarkenningin leggur áherslu á að teygja miðævina sem mest inn á efri árin og halda öldruðum virkum sem lengst. Mikilvægast sé að þeir finni að þeir geri gagn, og að fólk þurfi að streitast gegn ellinni. Hún hefur þau áhrif að stöðugt er verið að virkja hinn aldraða og mikil áhersla er lögð á endurhæfingu. Félagsleg úrræði sem byggja á þessari kenningu eru sveigjanlegur eftirlaunaaldur, verndaðir vinnustaðir, félagsstarf aldraðra, tómsundastarf og endurhæfing.

## Sendið ritgerðir til blaðsins

Sjúkraliðar skrifa ritgerðir um margvísleg viðfangsefni meðan á námi stendur. Margar þeirra eiga erindi til allrar stéttarinnar og þá er blað Sjúkraliðafélagsins kjörinn vettvangur til að koma þeim á framfæri.

Sjúkraliðinn hyggst birta forvitnilegar ritgerðir félagsmanna af þessu tagi á næstunni, ýmist í heild eða einstaka kafla eftir atvikum, og er sú fyrsta ritgerð Margrétar Vífilisdóttur um undirbúning eftirlaunaaldursins með tilliti til tómsunda. Hún samdi ritgerðina í Fjölbrautarskólanum við Ármúla á vorönn 2002.

Sjúkraliðar eru hvattir til að senda blaðinu ritgerðir sínar á skrifstofu félagsins að Gettisgötu 16, 108 Reykjavík.

## Samfellukenningin

Samfellukenningin gerir ráð fyrir því að vellíðan á efri árum sé best tryggð með því að hver og einn fái að takast á við öldrunina á sinn hátt. Hún tekur tillit til einstaklingsins og þess að flestir vilja hafa samfellu í lífi sínu, sérstaklega á efri árum. Hún ályktar að best sé fyrir aldraða að fá að viðhalda lífsmáta sínum eins lengi og hægt er, og áhrif hennar á þjónustu er fjölbreyttari þjónusta og meiri sveigjanleiki. Hinn aldraðri hefur meira að segja um það hvers konar þjónustu hann óskar eftir og úrræðin eru sniðin að hans þörfum.

## „Í fullkomnu jafnvægi“

Hlédrægniskenningin og athafnarkenningin ganga báðar út frá því að allir aldraðir séu eins, og hafi sömu þarfir. Samfellukenningin aftur á móti tekur mið af því að aldraðir eru misjafnir eins og annað fólk, og gengur út frá því að þarfir og óskir fólks breytist ekki þótt það eldist.

Með tilkomu samfellukenningarinnar hefur fjölbreytni í þjónustu aukist og aldraðir fá meira um það að segja hvað þeir sjálfir vilja. Þeir geta því mætt efri árunum á sinn eigin hátt og haft samfellu í lífi sínu á þessu æviskeiði. Það gefur auga leið að það getur ekki verið gott að einn afmælisdagur breyti lífinu svo mikið, eða eins og Ásdís Skúladóttir leikstjóri og félagsfræðingur sagði: „Líf okkar ætti að vera ein samfella þar sem upphafið, meginkaflinn og lokakaflinn væru í fullkomnu jafnvægi.“

## Lokaorð

Þegar ég verð „gömul“ ætla ég að halda áfram að stunda þær tómstundir sem ég stunda í dag. Ég ætla að stunda mitt jóga, fara í tækjasalinn þrisvar í viku eins og ég er vön, þrjúna allar peysurnar sem ég hef ekki haft tíma til að þrjúna, flétta körfur og rækta áfram sambandið við fjölskylduna og vinina.

En ég geri mér grein fyrir því að þetta verður kannski ekki svo auðvelt. Ef til vill setur heilsan mér einhver mörk, kannski finnst mér þetta ekki gaman lengur og hvað veit ég um það hvað ég fæ að hafa vinina lengi hjá mér, eða hvort fjölskyldan verður búsett í sama landshluta og ég, eða í sama landi? Þar fyrir utan er það mikill tími sem þarf að fylla upp í og þá er gott að vita af einhvers konar félagsstarfi.

Ég myndi vilja sjá öflugt félagsstarf þar sem aldraðir sjálfir réðu ríkjum. Það ætti að vera fjölbreytt starfsemi sem aldraðir byggðu upp sjálfir eftir sínum áhuga og hugðarefnum. Ég gæti hugsað mér að taka þátt í matreiðsluklúbb, þar sem við myndum elda nýstárlega rétti og borða síðan



Að Hlaðhömrún í Mosfellsbæ býður félagsstarf aldraðra meðal annars upp á nám í tréskurði. Á þessari mynd má sjá tvo eldri borgara sem stundar þá kúnni. Frá vinstri Pétur Hjálmsón og Sigurður Bjarnason. - Mynd: ÚHE

„Ég myndi vilja sjá öflugt félagsstarf þar sem aldraðir sjálfir réðu ríkjum.“

saman, það væri hægt að flétta inn í þetta allskyns uppákomum, tískusýningum, söng, leikþáttum eða öðru skemmtilegu, og að sjálfögðu væri þetta allt í okkar höndum. Ég myndi líka vilja vera í ferðaklúbb, sem færi saman í spennandi ferðir bæði innanlands og utan. Síðan yrðu haldnar myndasýningar og kynningarfundir. Ferðir á leiksýningar, bíó, Bláa lónið ásamt ferðum á listasöfn og fleira í þeim dúr væru skemmtilegar. Það gæti líka verið gaman að fara á námskeið eða í skóla og læra eitthvað alveg nýtt.

Ég sé það á þessari upptalningu að þetta er það sem ég myndi vilja vera að gera í

dag, ef ég hefði tíma og tækifæri til. Hvað mig langar svo að gera eftir næstum þrjátíu ár þegar ég „loksins kemst á eftirlaunin“ veit ég ekki í dag. Kannski verð ég búin að þessu öllu og langar að gera eitt-hvað allt annað. Eða þá að ég verð orðin sjálfmiðað, leiðinlegt gamalmenni og vil bara fá að vera í friði. Og þá ætla ég bara að vona að ég fái það. En það er alla vega gaman að spá í þessa hluti og aldrei of snemmt að byrja að hugsa um þetta. Svo er bara að geyma þetta verkefni og taka það fram tímanlega áður en eftirlaunaaldurinn hefst.

# Þúsund læra á tölvu

Mikil aðsókn var að tölvunámskeiðum sem fræðslunefnd BSRB efndi til á skólaárinu 2001-2002 í samvinnu við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann (NTV), og mikil ánægja með árangurinn. Fræðslunefndin hefur því gert framhaldssamning við skólann um tölvufræðslu fyrir BSRB-félaga og hefjast fyrstu námskeiðin nú í september.

Fræðslunefnd BSRB ákvað árið 2000 að gangast fyrir átaki í tölvufræðslu fyrir félagsmenn aðildarfélaga bandalagsins. Megináhersla var lögð á grunnnámskeið sem falla að svokölluðu tölvuökuskírteini (TÖK), en það er námskeiðspakki sem inniheldur kennslu í ritvinnslu, töflu-reikni, internetnotkun, póstforritum, stýrikerfum og fleiru. TÖK-prófið er alþjóðleg vottun um tölvuhæfni sem mjög er farið að spyrjast fyrir um bæði hérlendis og erlendis.

## 60 stunda grunnám

Boðið var út 60 kennslustunda grunnnámskeið og bárust átta tilboð. Eftir gaumgæfilega athugun á tilboðunum var ákveðið að ganga til samninga við Nýja



Mikil aðsókn er að tölvunámskeiðunum og ánægja með árangurinn. - Mynd: ÚHE

tölvu- og viðskiptaskólann sem tók að sér að halda 100 tölvunámskeið fyrir félagsmenn BSRB námsárið 2001-2002. Af þeim skyldu 75 námskeið vera á höfuðborgarsvæðinu og 25 á landsbyggðinni. Á haustönn 2001 yrðu að lágmarki haldin 20 námskeið og af þeim þriðjungur á landsbyggðinni.

## Í hæsta gæðaflokki

„Mikil ánægja er með samstarfið við skólann,“ segir Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, en hún er formaður fræðslunefndar BSRB.

„Forsvarsmenn skólans hafa verið tilbúnir að endurskoða öll mál í ljósi reynslunnar og má þar meðal annars nefna fjarnám, auk þess sem komið var á fót hægferð fyrir þá sem þörfuðust sérstakrar aðstoðar.

Á haustönn 2001 og vorönn 2002 er fjöldi þeirra sem farið hafa í gegnum námskeið tölvufræðslunnar sem hér segir:

- NTV í Hafnarfirði: 33 námskeið með samtals 358 nemendum.
- NTV í Kópavogi: 29 námskeið með samtals 396 nemendum.
- NTV á Selfossi: 13 námskeið með samtals 138 nemendum, auk þess sem 94 nemendur hafa sótt námskeið í fjarnámi á vegum NTV á Selfossi.

Þannig hafa rétt tæplega 1000 BSRB-félagar sótt nám hjá NTV skólunum á þessum tveimur önnum. Því til viðbótar hafa símenntunarmiðstöðvar um allt land haldið uppi fjölda námskeiða í samvinnu við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann.

Í lok hvers námskeiðs hefur verið leitað álits nemenda á gæðum námskeiðanna og sýna kannanirnar, sem unnar eru af Kennslumiðstöð Háskóla Íslands, að þau eru í hæsta gæðaflokki.

## Námskeið fyrir starfandi sjúkraliða

Námskeiðin eru flest kl. 17:00-20.50

### Kulnun í starfi – félagslegir áhættuþættir í vinnuumhverfi (20 stundir)

25., 26., 30. sept. og 1. okt.  
Svava Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur  
Verð: 14.000 kr.

### Svefn og svefnörðugleikar (10 stundir)

2. og 3. okt.  
Bryndís Benediktsdóttir læknir  
Verð: 7.500 kr.

### Streita og þjálfun (10 stundir) 7. og 8. okt.

Hólmfríður Erlingsdóttir sjúkraþjálfari  
Verð: 7.500 kr.

### Lykilatriði í stjórnum smærri eininga (20 stundir)

– fjarkennsla 9., 10., 14. og 15. okt.  
Bjarni Ingvarsson sálfræðingur  
Verð: 14.000 kr.

### Lyfhrifafræði IV (20 stundir) - fjarkennsla

23., 24., 28. og 29. okt.  
Asma- og ofnæmislyf, Alzheimer- og Parkinsonslyf, krabbameins- og líffærafræðslulyf. Athugið að lyfhrifafræðinámskeið má taka í hvaða röð sem er.  
Eggert Eggertsson lyfjafræðingur  
Verð: 17.500 kr. (bók innifalin)

### Endurhæfing hjarta- og lungnasjúklinga (20 stundir)

6., 7., 11. og 12. nóv.  
Sólrún Óskarsdóttir sjúkraþjálfari  
Verð: 14.000 kr.



### Sár- og sármedferð (15 stundir)

13., 14. og 18. nóv.  
Linda Björnsdóttir hjúkrunarfræðingur  
Verð: 11.000 kr.

### Hugræn atferlismeðferð (20 stundir) – fjarkennsla

19., 21., 26. og 28. nóv.  
Auður R. Gunnarsdóttir sálfræðingur  
Verð: 14.000 kr.

### Samskipti (10 stundir) 20. og 25. nóv.

Bryndís Benediktsdóttir læknir  
Verð: 7.500 kr.

### Álagseinkenni og álagssjúkdómar (10 stundir) 27. og 28. nóv.

Leiðbeinandi: Hólmfríður Erlingsdóttir  
Verð: 7.500 kr.

### Beinþynning (20 stundir) – fjarkennsla

Markmið námskeiðsins er að auka þekkingu fagfólks á heilbrigðisviði á beinþynningu sem er algengt heilbrigðisvandamál. Fjallað verður um helstu atriði varðandi faraldsfræði, meingerð, greiningu og meðferð á beinþynningu.

Kennari: Ingvar Teitsson gíttarlæknir  
Tími: 2. nóv. kl. 9:00 - 16:00 einnig í fjarkennslu  
Verð: 13.000 kr.

Ath. lágmark 7 á fjarenda.

### Skráning í fjarkennslu

Hluti námskeiðanna fyrir starfandi sjúkraliða er kenndur í fjarkennslu ef næg þátttaka næst og aðstæður leyfa í hverjum stað.

### Skráning á fjarnámskeið:

#### Suðurland

Fræðslunet Suðurlands. Sími 480 5020/  
fraedslunet@sudurland.is

#### Austurland

Verkmenntaskóli Austurlands. Sími: 477 1620/  
marino@va.is

#### Norðurland eystra

Fræðslumiðstöð Þingeyinga. Sími: 465 2161/  
idunn@nett.is

#### Akureyri

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. Sími: 460 5721/  
katrin@simey.is

#### Norðurland vestra

Farskóli Norðurlands vestra – miðstöð símenntunar,  
s. 455 6010 /anna@fnv.is, bryndis@fnv.is

#### Vestfirðir

Próunarsetur Vestfjarða s. 450 3000. Fræðslumiðstöð  
Vestfjarða s. 450 3000 / frmst@frmst.is

#### Vesturland

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi. Sími 437 2390/  
inga@simenntun.is

# Afmælishátíð á Akureyri

Deild sjúkraliða á Norðurlandi eystra fagnaði tíu ára afmæli 19. október síðastliðinn, eins og margar aðrar deildir innan félagsins.

Allur undirbúningur var frágenginn á vordögum og því mikið áfall þegar í ljós kom að fagnaðurinn skyldi lenda mitt í átökum félagsmanna í kjarabaráttu okkar. Til umræðu kom innan stjórnar að hætta við afmælisfagnaðinn en ákveðið að láta slag standa og líta á gleðina sem ljós í myrkrinu, enda veitti ekki af á þessum tímupunkti.

Afmælið var skipulagt af stjórnendum Kaffi Akureyrar eftir hugmyndum frá stjórninni, en konukvöld skyldi haldið. Veitingahúsið Friðrik V hafði sérstakan tilboðsmatseðil tengdan afmælinu og voru nærri 40 manns sem nýttu sér hann, en veitingastaðurinn er fyrir ofan skemmti- staðinn Kaffi Akureyri og því stutt fyrir sjúkraliða að fara á konukvöldið eftir vel heppnaða máltíð. Maturinn hreint frábær og þjónustan góð; skemmtilegt innlegg í upphaf konukvöldsins.

## Rósir, ilmvatn og ungir menn

Tekið var á móti sjúkraliðunum við komu á Kaffi Akureyri með rós, ilmvatnsprufu og fordrykk en það voru forkunnalega fagrir ungir menn sem það gerðu og ekki spillti fyrir að þeir voru klæddir í vinnuföt sjúkraliða á Dalbæ og merktir öldrunarstofnunum af svæðinu.

Kynnir og skemmtikraftur kvöldsins, Dalvíkingurinn Arnar Símonarson, öðru nafni Addi Sími, hóf kvöldið eins og honum einum er lagið. Til liðs við sig fékk Addi þau Heru Björk söngkonu og Friðrik Ómar söngvara. Þau fóru á kostum í öllum skemmtiatriðunum og tóku ýmislegt fyrir. Addi Sími sagði reynslusögur frá Dalbæ enda starfaði hann þar um skeið sem „starfsstúlka“. Þekkingu sína notaði hann síðar, þá sem fararstjóri í Portúgal og sérstaklega þegar um hægðarlyf var að ræða að eigin sögn. Fór hann með nokkrar léttar og skemmtilegar sögur um það.



Sjúkraliðar á Dalbæ á Dalvík fagna tíu ára afmælinu, f.v. Aðalheiður Kjartansdóttir, Elín Rósa Ragnarsdóttir, Dagbjört Sigurpálsdóttir, Sunna Bragadóttir, Gerður Olavson, Ingunn Bragadóttir, Hulda Þórsdóttir, Lára Margrét Jóhannsdóttir.

Hera Björk og Friðrik Ómar sungu nokkur lög eins og þeim einum er lagið og tóku meðal annars lauffléttu útgáfu af landslaginu þar sem Addi tók hlutverk Heru Bjarkar. Þau gerðu það ekki endasleppt þegar stofugangur úr Heilsubælinu leit dagsins ljós, í hvítum sloppum með hanska, sprautur og stethoskop að ógleymsdu göngulaginu. Kynlífsvörðun Heru Bjarkar sló rækilega í gegn enda sumir sjúkraliðanna að sjá ýmis tæki og tól í fyrsta skiptið, en tólin höfðu mismunandi liti, hreyfingar og lögun. Veglegu happdrætti var hleypt af stokkunum og hafði Kaffi Akureyri útvegað 24 vinninga. Ekki var möguleiki á að vinna oft en einu sinni og því fór nærri fjórði hver sjúkraliði út með vinning. Vinningsnúmerin voru að sjálfsögðu dregin út upp úr bekju.

## Óvæntur lokaspættur

Þegar leið á kvöldið var tiskusýning þar sem konunum var kynnt vetrartískan frá snjógalla niður í undirfatnaði, en snjógöllum þurfum við sem búum norðan heiða á

að halda. Í alla staði frábær tiskusýning og dáðumst við að hugrekki þeirra kvenna sem þarna sýndu, enda margar að koma fram í fyrsta skipti. Lokaspætturinn kom þó öllum á óvart, afar fáklæddir flottir karlmenn gengu um gólfið, sjúkraliðunum til mikillar ánægju og undir miklu lófataki.

Ólgerðin bauð sjúkraliðum upp á snaps sem borinn var fram af þjónum Kaffi Akureyrar en í tilefni konukvöldsins mættu þeir berir að ofan sem vakti mikla kátínu jafnt þeirri eldri sem yngri. Kokteillisti var sérstaklega útbúinn fyrir þetta kvöld en heppilegast er að sleppa nöfnum kokteila en þeir vísuðu á ýmsan hátt að fagi sjúkraliða og því sem við þurfum að takast á við!!!

Til að svona kvöld heppnist þarf góða skapið að vera með í för og það má með sannri segja að sjúkraliðar sem þarna mættu höfðu það meðferðis. Allir þeir sem lögðu hönd á plóginn til að gera þetta konukvöld sjúkraliða að veruleika og jafn skemmtilegt og það var fá bestu þakkir fyrir.  
- Stjórn DSNE.



Addi Sími, Friðrik Ómar og Hera Björk úr Heilsubælinu skemmta á afmælishátíðinni.



Íturvaxnir þjónar á Kaffi Akureyri undirbúa sjússagjöf.

# Sama alvarlega vandamálið blasir víða við

Á fagráðstefnu The European Council of Practical Nurses (EPN), sem haldin var í Osló í júní síðastliðnum, kom fram jafnt í fyrirlestrum og umræðum að mikill skortur á hjúkrunarfólki er ekki aðeins vandamál á Íslandi, heldur einnig í nágrannalöndunum, til dæmis í Danmörku og Noregi.

Félagstjórn Sjúkraliðafélags Íslands sat ráðstefnuna, og þar flutti Ragnheiður Haraldsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, erindi um stöðu þessara mála hér á landi.

„Okkur fannst athyglisvert að heyra erindi og umræður sem sýndu að skortur á sjúkraliðum er ekki síður mikið vandamál í Noregi og Danmörku en hér á landi,” sögðu þær Kristín Á. Guðmundsdóttir, formann SLFÍ, og Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóra félagsins, í spjalli við Sjúkraliðann um ráðstefnuna. „Margir töldu reyndar ástandið svo alvarlegt að ef ekki yrði gripið til nauðsynlegra úrræða þá blasti við hrun heilbrigðisþjónustunnar.”

## Margþætt vandamál

Meðal þeirra vandamála í heilbrigðisþjónustunni sem fræðimaðurinn Arne Pape ræddi um í sínu erindi voru áhrif einkavæðingarinnar, gegnumstreymi starfsfólks sem stendur alltof stutt við á stofnununum, hversu mikill fjöldi starfsmanna stendur utan stéttarfélaganna og síðan innanhúsbarátta milli fagstétta.

Á öllum Norðurlöndunum er reynt að leysa starfsmannaskortinn með innfluttu vinnuaflí, jafnvel í Finnlandi þar sem atvinnuleysi er meðal heilbrigðisstarfsmanna.

Sums staðar þar sem skorturinn er mestur er mjög verulegur þrýstingur í þá átt að koma nýju fólki sem allra fyrst til starfa á heilbrigðisstofnunum og þá er freistast til þess að leggja meiri áherslu á magn en gæði.



Á ráðstefnunni í Osló, frá vinstri: Ásta Harðardóttir, Rannveig Gísladóttir, Birna Ólafsdóttir, Kristín Á. Guðmundsdóttir, Ragnheiður Haraldsdóttir.

## Hvað er EPN?

EPN er skammstöfun fyrir European Council of Practical Nurses. Aðild að samtökunum eiga stéttarfélag sjúkraliða í Danmörku (FOA), Færeyjum (Föroya Sjúkrahjálparafélag), Noregi (NHS), Íslandi (SLFÍ) og Finnlandi (SuPer).

Samtökin voru stofnuð árið 1980. Heildarfjöldi félaga í aðildarfélagunum er nú um 100 þúsund manns.

Markmið EPN er að efla samstarf sjúkraliða og stuðla að framgangi stéttarinnar innan heilbrigðisþjónustunnar.

## Evrópsk rannsókn

Marjukka Laine, fræðikona frá Finnlandi, gerði grein fyrir svokölluðu NEXT-verkefni, en það er umfangsmikil evrópsk rannsókn á því hvers vegna fólk í hjúkrunarstörfum gefur heilbrigðisþjónustuna upp á bátinn og fer í aðra vinnu.

Verkefnið, sem er fjármagnað af Evrópusambandinu og nær til tíu landa, hófst í febrúar síðastliðinn og á því að ljúka í nóvember árið 2004, en þá verður haldin evrópsk ráðstefna um niðurstöðurnar.

Í tæp tvö ár verður fylgst með starfsvali og vinnuumhverfi 5-8 þúsund heilbrigðisstarfsmanna í hverju þessara tíu landa fyrir sig. Markmiðið er að finna leiðir til að halda hjúkrunarfólki mun lengur í starfi en hingað til, enda ljóst að þörfin fyrir starfsfólk í heilbrigðisþjónustu eykst jafnt

og þétt meðal Evrópuþjóða þar sem öldruðum fjölgar ár frá ári.

### Tryggja verður gæðin

Í Noregi eru sjúkraliðar um 28% af þeim sem sinna hjúkrunarstörfum, en 20% eru hjúkrunarfræðingar og 16% ófaglærðir. Skorturinn á menntuðu starfsfólki er mikill, þannig sagði formaður norska sjúkraliðafélagsins (NHS) Tove Stangnes í erindi sínu á ráðstefnunni að núna vanti að minnsta kosti 3-4 þúsund manns í umönnunarstörf þar í landi. Á sama tíma hefur stórlega dregið úr aðsókn að starfsmenntunarnámi á þessu sviði.

Hvað er til ráða til lausnar á þessum sameginlega vanda?

Stangnes taldi nauðsynlegt að grípa til margvíslegra úrræða samtímis. Það yrði að gefa starfsfólkinu aukin tækifæri til að sækja fram faglega, efla framhaldsmenntun og bæta vinnuumhverfið, en fyrst og fremst yrði þó að hækka launin ef takast ætti að gera umönnunarstörfin aðlaðandi fyrir ungt fólk.

„Sums staðar er tilhneiging til að draga úr námskröfum til þess að fólk komist sem fyrst út á vinnnumarkaðinn til að leysa bráðavanda, en það er ekki fagleg lausn. Hér heima leggjum við líka áherslu á að fjölga sjúkraliðum sem mest en við viljum um leið tryggja gæði starfsmenntunarinnar,” segja Kristín og Birna.

Þær nefna í því sambandi að margir hafi bent á nauðsyn þess að efla enn frekar suma þætti í menntun sjúkraliða, til dæmis að hafa meiri kennslu í lyfjafraeði í sjúkraliðanáminu.



Íslenskir sjúkraliðar í Noregi. Aftari röð frá vinstri: Guðrún Sverrisdóttir, Kristín Ólafsdóttir, Margrét Þórhallsdóttir, Hafdís Sigurðardóttir, Margrét Óladóttir, Margrét Auður Óskarsdóttir. Fremri röð frá vinstri: Rannveig Gísladóttir, Kristín Jónsdóttir, Heiðbrá Guðmundsdóttir.

## Íslensku fulltrúarnir

Fulltrúar Sjúkraliðafélags Íslands á ráðstefnu European Concil of Practical Nurses (EPN) í Osló voru:

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður SLFÍ, Birna Ólafsdóttir, Reykjavík, Kristín Ólafsdóttir, Reykjavík, Margrét Þórhallsdóttir, Norðurlandi vestra, Kristín Jónsdóttir, Suðurnesjum, Margrét Auður Óskarsdóttir, Suðurlandi, Rannveig Gísladóttir, Vesturlandi, Margrét Þóra Óladóttir, Ísafirði, Hafdís Sigurðardóttir, Vestmannaeyjum, Helga Dögg Sverrisdóttir, Norðurlandi eystra, Heiðbrá Guðmundsdóttir, Austurlandi, Ásta Harðardóttir, varaformaður SLFÍ, Reykjavík.



Norskir stjórnendur ráðstefnunnar, frá vinstri: Björg Listein, varaformaður norska sambandsins, Tove Stangnes, formaður, og Kristín Johnsrud, ritari.

# Ólík ákvæði í samningum

Í síðustu samningum félagsins var brotið blað með aðild félagsins að svonefndum framgangssamningum við fjármálaráðuneytið. Framgangi sem í raun merkir að hluti samningagerðarinnar er færður í hendur starfsmanna sjálfra, sem á eigin forsendum svo sem með aukinni menntun, breyttum störfum og/eða aukinni ábyrgð geta sótt kjarabætur í hendi atvinnurekanda.

Framgangskerfið var innleitt með samningum 1997 við meginþorra aðildarfélag opinberra starfsmanna. Samninganefnd Sjúkraliðafélagsins var því mjög andsnúin þá að gerast aðili að samningum sem fólu í sér aðild sjúkraliða að framgangsferfinu. Að vísu fengu sjúkraliðar smjörþefinn af aðferðafræðinni með ákvæðum samningsins um „reyndan og mikið reyndan sjúkraliða.“ Ákvæði sem var erfitt í framkvæmd og olli mikilli óánægju meðal sjúkraliða, sem varð til þess að félagið samdi um breytingu á umræddu ákvæði á samningstímabilinu.

## Tvískiptur samningur

Í samningum félagsins 2001 sá samninganefnd félagsins sig hinsvegar nauðbeygða til að láta undan þrýstingi viðsemjenda um að semja á þessum forsendum, síðast allra félaga.

Samningurinn er tvískiptur. Hann er í meginatriðum eins við ríkið og flestar sjálfseignastofnanir á öldrunarsviði. Aðalkjarasamningur sem er rammi um meginþör sjúkraliða, vinnutíma og réttindi auk svonefnds stofnanasamnings ásamt 5 – 7 starfslýsingum þar sem skilgreindar eru forsendur fyrir framgangi og röðun sjúkraliða. Reynsla af nýja launkerfinu og framkvæmd þess hefur reynst til muna farsælli en þeir svartsýnu áttu von á. Fyrst og fremst fyrir það hvernig að málum hefur verið staðið að hálfu stjórnenda LHS sem hafa haft forgang um framkvæmd stofnanasamningsins. Að sjálfsögðu hefur framkvæmdin ekki verið hnökralaus, en í meginatriðum áfallalítill. Sannast þar hið fornkvæða: „Veldur mestu hver á heldur.“

## Blæbrigðamunur

Samningar félagsins við Launanefnd sveitarfélaganna og við samninganefnd Reykjavíkurborgar er með hefðbundnum hætti. Með samningi er tilteknum starfshættum raðað í launaflokka og jafnframt gengið frá samkomulagi um tilteknar forsendur sem gefa starfsmanni tækifæri og/eða kröfu á hærri röðun, svo sem með viðbótarnámi eða aukinni ábyrgð. Samn-



Samninganefnd Landspítala við gerð stofnanasamningsins, frá vinstri: Erna Einarsdóttir, forstöðumaður starfsmannahalds, Lilja Stefánsdóttir, aðstoðarhjúkrunarforstjóri, og Oddur Gunnarsson, lögfræðingur.

ingagerðin er gagnsærri og veldur síður tortryggni eða misskilningi á milli starfsfélaga, auk þess sem hún er auðveldari í framkvæmd fyrir stjórnendur. Frá þeim er tekinn sá beiski kaleikur að þurfa jafnvel á huglægum forsendum að mismuna starfsmönnum sem starfa undir þeirra stjórn.

Þó svo að samningar félagsins hafi leitt til hliðstæðra hækkana á launum sjúkraliða hjá viðsemjendum félagsins, það er ríki, sjálfseignastofnunum, sveitarfélögum og Reykjavíkurborg, er viss blæbrigðamunur á ýmsum samningsákvæðum þessara aðila, eins og nánar er rakið í meðfylgjandi yfirliti sem Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélagsins tók saman.

## Munur á samningum

### Reykjavíkurborg

#### Sérstök verkefni:

2 launaflokkar eða 1 klst í ev.

#### Næturvaktir:

2 lfl. ef næturvinna er umfram 50%.

#### Viðbótarmenntun:

3 lfl. fyrir þátttöku í 60 + 60 + 80 kst. samtals 200 kst. á námskeiðum.

#### Desemberuppbót:

Ár 2001 kr. 35.000. –

#### Sérstök orlofsuppbót:

1. maí 2003 kr. 10.000. –  
1. maí 2004 kr. 10.200. –

#### Starfsmenntunarsjóður:

0,30% af öllum launum.

#### Framlag til fræðsluseturs:

0%.

#### Framlag atvinnurekanda í séreignasjóð starfsmanns:

0,20% eða 0,40%.

#### Tryggingar vegna örorku eða dauða:

Sama trygging og hjá ríkinu, þ.e. tvöfaldar bætur ef skaðinn er í vinnutíma.

#### Leyfi vegna fráfalls maka eða barns:

Samkvæmt samkomulagi.

#### Leyfi vegna tæknifrjögunar:

Allt að 15 dagar á launum.

#### Uppsagnarákvæði:

Almennt 3 mánuðir. Eftir 10 ár eða 55 ára 4 mán. 60 ára aldur 5 mánuðir. 63 ára aldur 6 mánuðir.

#### Greiðsla launa:

Réttur til fyrirframgreiðslu launa eftir 1 ár í starfi.

### Launanefnd sveitarfélaganna

2 launaflokkar eða 1 klst í ev.

2 lfl. ef næturvinna er umfram 50%.

3 lfl. fyrir þátttöku í 60 + 60 + 80 kst. samtals 200 kst. á námskeiðum.

Ár 2001 kr. 55.277. –

1. maí 2003 kr. 10.000. –  
1. maí 2004 kr. 10.400. –

0,30% af öllum launum.

0%.

0,20% eða 0,40%.

Tvöföld trygging í starfi og utan starfs.

Allt að tveim vikum.

15 vinnudagar á launum.

Almennt 3 mánuðir.

Laun skulu greidd fyrirfram eftir 3 mánuði.

### Ríkið og ýmsar sjálfseignastofnanir

Á að metast í framgangi FSA eða 1 klst í ev.

2 lfl. ef næturvinna er umfram 50% og 3 lfl. ef næturvinna er 60%.

Þátttaka í viðurkenndum námskeiðum er forsenda fyrir röðun í starfslýsingu. Auk lfl. hækkunar vegna umframmenntunar.

Ár 2001 kr. 35.000. –

1. maí 2003 kr. 10.000. –  
1. maí 2004 kr. 10.200. –

0,22% af öllum launum.

0,15% af öllum launum.

2% + 0,20% eða 0,40%.

Tvöföld trygging ef skaðinn verður við vinnu eða á beinni leið að eða frá vinnu.

Samkvæmt samkomulagi.

Samkvæmt samkomulagi.

Almennt 3 mánuðir.

Laun greidd eftir á hjá þeim sem voru í starfi við gildistöku laga nr.70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.



# Þúsund umsóknir til Fjölskyldusjóðs

„Fjölskyldu- og styrktarsjóður BHM, BSRB og KÍ tók til úrskurðar 583 mál árið 2001, þar af var 96 umsóknum hafnað, 473 voru samþykktar, en 14 mál eru óafgreidd. Á árinu var úthlutað úr Fjölskyldusjóði 110.379.409 krónum,“ segir Ólafur B. Andrésson, framkvæmdastjóri sjóðsins, við Sjúkraliðann.

„Á fyrstu 5 mánuðum ársins 2002 höfðu borist 419 mál, þar af var 48 umsóknum hafnað, 258 samþykktar en 113 biðu afgreiðslu. Hlutfall samþykktara mála hefur verið 80% en stefnir hins vegar í 85% á þessu ári.“

## Tók til starfa í fyrra

Samkvæmt þessum tölum höfðu í maílok á þessu ári þegar borist um eitt þúsund umsóknir til sjóðsins frá því hann var stofnaður í samræmi við samkomulag BSRB, BHM og KÍ við fjármálaráðherra, Reykjavíkurborg og Launanevnd sveitarfélaga frá 24. október 2000. Samkomulagið náði einnig til Félags leikskólakennara.

Félag flugumferðarstjóra, Stéttarfélag verkfræðinga, Starfsmannafélag Ríkisendurskoðunar, Starfsmannafélag Alþingis og Félag íslenskra hljómlistarmanna hafa síðan fengið aðild að sjóðnum.

Með samkomulaginu frá 24. október 2000 skuldbundu launagreiðendur sig til að greiða 0,41% af heildarlaunum hvers starfsmanns í sérstakan sjóð og skyldi hluti framlagsins, 0,11% renna í fjölskyldusjóð en 0,30% í styrktarsjóði þeirra samtaka sem standa að sjóðnum. Fjölskyldusjóðnum er ætlað að tryggja að opinberir starfsmenn haldi óskertum rétti í barnsburðarleyfi þrátt fyrir niðurfellingu



Ólafur B. Andrésson, framkvæmdastjóri Fjölskyldu- og styrktarsjóðsins.

„Almennt hef ég orðið var við mjög mikla ánægju með sjóðinn.“

reglugerðar þar að lútandi. Í þessu skyni var sjóðurinn settur á fót og tók hann til starfa 1. janúar 2001. Sjóðurinn á að taka við iðgjöldum og ávaxta þau, taka við umsóknum, ákvarða og annast greiðslur til félagsmanna í fæðingarorlofi og að taka ákvarðanir um frekari ráðstöfun fjármuna sjóðsins samkvæmt nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

## Ánægja með sjóðinn

„Fjölskyldusjóðurinn ábyrgist greiðslu á þeim mismun sem getur verið milli þess

sem konur í opinberri þjónustu hefðu fengi greitt á grundvelli reglugerðar nr. 410/1989 um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins og því sem þær fá greitt úr Fæðingarorlofssjóði, það er frá Tryggingastofnun ríkisins,“ segir Ólafur.

„Launagreiðanda ber að senda Fjölskyldusjóðnum upplýsingar um launakjör konunar á eyðublaði sem heitir: „Vottorð launagreiðanda um ráðningakjör.“ Á grundvelli þess reiknum við launin samkvæmt reglugerðinni og leitum eftir upplýsingum frá Fæðingarorlofssjóði TR um greiðslur þeirra og reiknum svo mismunarlaun.

Það fá ekki allar konur í fæðingarorlofi sem eru félagar innan bandalaganna greitt úr sjóðnum. Þar ræður mestu hvernig samsetning launanna er, hve stór hluti heildarlauna er yfirvinna og önnur laun þar sem reglugerðin gerir ráð fyrir meðalheildarlaunum í þrjá mánuði og grunnlaunum næstu þrjá. En Fæðingarorlofssjóður leggur til grundvallar úr staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra meðaltal allra launa síðustu tólf mánaða af fjórtán fyrir barnsburð. Í mati á mismunargreiðslum frá Fjölskyldusjóðnum er tekinn heildaréttur samkvæmt reglugerð og dregin frá heildarúthlutun Fæðingarorlofssjóðs og mismunurinn greiddur. Greiðslum frá Fjölskyldusjóðnum er jafnað niður á sömu gjalddaga og hjá Fæðingarorlofssjóði.

Almennt hef ég orðið var við mjög mikla ánægju með sjóðinn, enda tryggir hann umtalsverðar kjarabætur sem náðust í samningum við viðsemjendur opinberra starfsmanna.“

## Staðreyndir um séreignarsparnað

- Launþegi á rétt á mótframlagi frá ríki.  
Mótframlag er 2,2% á móti 2% iðgjaldi sjóðfélaga og 2,4% á mót 4% iðgjaldi.
- Hvorki eignaskattur né fjármagnstekjuskattur greiðist af séreignarsparnaði.
- Sparnaðurinn skerðir hvorki barna- né vaxtabætur.
- Iðgjald er ekki skattlagt við innborgun.
- Sparnaðurinn erfist.
- Úttekt getur hafist við 60 ára aldur.

## Fleiri fjárfestingarleiðir

Séreignardeild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) á þrjú starfsár að baki. Í árslok 2001 voru heildareignir deildarinnar 955 milljónir króna og höfðu þær tvöfaldast frá árinu á undan. Heildarfjöldi sjóðfélaga var 4.285 í lok síðasta árs.

Fram til þessa hefur einungis verið boðið upp á eina sparnaðarleið hjá deildinni, en samkvæmt henni kaupir deildin hlutabréf fyrir 40% en skuldabréf fyrir 60% sparnaðarins. Frá og með 1. júlí síðastliðnum er hins vegar boðið upp á tvær nýjar leiðir þar sem dregið er verulega úr áhættu vegna hlutabréfakaupa.

Önnur nýju fjárfestingarleiðanna gerir ráð fyrir að einungis 15% sparnaðarins fari til kaupa á hlutabréfum en 85% til skuldabréfakaupa, en hin nýja leiðin felur í sér að einungis verði fjárfest í verðtrygðum innlánnum.

Þeir sparendur sem velja svokallaða „Ævilínu“ munu færast sjálfkrafa á milli þessara þriggja leiða eftir aldri. Aðrir geta valið á milli fjárfestingarleiðanna með því að hafa samband við LSR eða Kaupþing sem annast rekstur séreignardeildarinnar. Þeir sem ekkert velja fylgja upphaflegu fjárfestingarleiðinni.

# Breytt vaktskrá

Sjúkraliði við Kristnes í Eyjafirði hefur leitað eftir skoðun félagsins á túlkun og framkvæmd launaskrifstofu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri (FSA) á grein 2.6.2 í kjarasamningi félagsins.

## Greinin er svohljóðandi:

„Þar sem unnið er á reglubundnum vöktum skal vaktskrá er sýnir væntanlegan vinnutíma hvers starfsmanns lögð fram mánuði áður en fyrsta vakt skv. skránni hefst nema samkomulag sé við starfsmenn um skemmri frest. Ef vaktskrá er breytt með skemmri fyrirvara en 24 klst. skal viðkomandi starfsmanni greitt aukalega 3 klst. í yfirvinnu. Sé fyrirvarinn 24-168 klst. (ein vika) skal greiða 2 klst. í yfirvinnu.“

Tílefni fyrirspurnarinnar er að breytt var 3 vöktum í einni og sömu ákvörðuninni með skemmri fyrirvara en viku. Breytingin var aðeins bætt með 2 klst. í yfirvinnu.

## Svara leitað.

Sjúkraliðafélagið bar þessa fyrirspurn fyrst undir Guðmund H. Guðmundsson á Starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Svar hans er svohljóðandi:

„Greinin er alveg skýr fyrir mér, en mér er sagt að fólk túlku stundum aukavaktir og eigin óskir starfsmanna þarna undir sem auðvitað er ekki rétt. Eitt veldur þó stundum vanda, þ.e. þegar breyting er gerð á vaktskrá sem framkallar raðbreytingar á vöktum eftir fyrstu breytingu og aukatímarnir greiðast þá ekki nema einu sinni.“

Félagið sendi erindið því næst til Réttindanefndar BSRB og spurði hvort þessi afgreiðsla viðkomandi launaskrifstofu væri rétt að mati nefndarinnar.

## Í bréfi framkvæmdastjóra félagsins til nefndarinnar segir:

„Framkvæmd launadeildar FSA og svar G.H.G. vefst óneitanlega fyrir mér. Ég hefði talið að röskun á fyrirfram ákveðnum vöktum með skemmri fyrirvara en viku ætti að bæta með tilliti til fjölda vakta sem breyttust. Það var hugsunin að bæta vaktavinnufólki röskun sem verður á fyrirfram ákveðinni vinnu þess skv. vaktskrá. Stofnunin er um leið að spara sér útgjöld sem hún ella hefði orðið fyrir vegna útkalla á extravaktarkaupi, þar sem hver klukkustund er reiknuð með 20% álagi vegna skerðingar á matar- og kaffitímum, þ.e. hver 8 klst. vakt er reiknuð sem 9.6 klst. í yfirvinnu.“

Sjúkraliðinn mun birta túlkun Réttindanefndar BSRB þegar hún liggur fyrir.



## Bréf og svör

Bréfastassi "Sjúkraliðans" tekur við og birtir hugmyndir, fyrirspurnir og bréf sem blaðinu berast, ásamt svörum gefi efni bréfanna tílefni til þess.

Sjúkraliðar eru hvattir til að skrifa blaðinu um hvaðeina sem þá varðar. Aðstandendur blaðsins munu taka við og svara fyrirspurnum um kjarasamninga, lífeyrismál, veikindarétt, félagsstarfið eða starfsréttindi og skyldur sjúkraliða, svo fátt eitt sé nefnt af því sem sjúkraliðar geta gert sér að erindi í bréfi til blaðsins.

Fyrirspurnir til einstakra forustumanna, félagsstjórnar eða ábendingar um stefnu samtakanna eða blaðsins verður komið á framfæri við þá sem efni bréfanna eiga erindi við eða best eru fallnir til svara. Að sjálf-sögðu verða óskir bréfitara virtar ef óskað er nafnleyndar eða hluti bréfsins eða bréfið í heild sé ekki birt.

Bréf er ýmist hægt að senda í pósti á skrifstofu Sjúkraliðafélagsins, Grensásvegi 16, 108 Reykjavík, eða á netfang félagsins: slfi@slfi.is

# Athugasemd við skýrslu formanns

Helga Dögg Sverrisdóttir sjúkraliði, formaður DSNE og fráfarandi ritari félagsins hefur sent blaðinu eftirfarandi athugasemd:

„Í fyrsta sinn í sögu Sjúkraliðafélags Íslands var gerð athugasemd við skýrslu formanns á fulltrúaþingi þess. Undirrituð sá sig knúna til að framkvæma þann gjörning, þar sem ég taldi vanta inn í skýrsluna að sagt væri frá ágreiningi innan framkvæmdastjórnar félagsins, sem gerði hana óvirka í fimm og hálfan mánuð á síðasta kjörtímabili.“

Eins og flestum sjúkraliðum er kunnugt sér framkvæmdastjórn um daglegan rekstur félagsins í umboði félagsstjórnar á milli þinga, og á samkvæmt lögum að funda hið minnsta tvisvar í mánuði. Að mínu mati er það alvarlegur hlutur að

framkvæmdastjórn skuli halda tvo fundi á tæpu hálfu ári eins og reyndin varð og eðlilegt að gera æðsta valdi félagsins grein fyrir því, en það er fulltrúaþingið. Það sem olli þessum djúpstæða ágreiningi innan framkvæmdastjórnar og kom fram á fulltrúaþinginu af minni hálfu, var að undirrituð gat ekki sætt sig við framkvæmd félagsins á kjarasamningi við starfsmenn þess. Athugasemd mín um launamál starfsmanna félagsins dró dilk á eftir sér sem hafði umræddar afleiðingar í för með sér. Á fulltrúaþingi/aðalfundi ber að gera grein fyrir því sem hefur og er að gerast í hverju félagi/deild, það á ekki eingöngu að taka fyrir þau málefni sem eru slétt og felld. Sjúkraliðar verða að vera vakandi yfir því sem er að gerast í þeirra félagi og standa vörð um málefnið, jafnt

innan þess sem utan. Á þessu sama þingi kom rangfærsla fram í skýrslu uppstillingarnefndar sem er miður gott. Undirrituð gerði athugasemd við rangfærsluna og lagði fram bókun um málið í fundagerð fulltrúaþingsins. Atburður sem þessi gefur mér tílefni til að hugleiða ábyrgð þeirra sjúkraliða sem gefa kost á sér til starfa fyrir félagið. Að mínu mati mættu fleiri sjúkraliðar vera gjörhugulari í störfum sínum og minnst þess að verið er að vinna fyrir heild.

Ég óska þeim sjúkraliðum sem tekið hafa að sér hvers konar störf í þágu félagsins velfarnaðar í störfum sínum og vil minna þá á að það er ekki áhyggjulaus heiður að sitja í nefndum og stjórnnum félagsins, en gaman verður að fylgjast með hvernig Sjúkraliðafélagið þróast áfram.“



Í heimsókn að Hlíðarenda í Fljótshlíð. Í bak-sýn sér austur á Stóru Dímon á Markarfljóts-aurunum.

Í sumar fóru lífeyrisþegar innan Sjúkraliðafélags Íslands í sérstaka ferð um sögulóðir Njálu. Magnús Finnbogason, fyrrverandi hreppstjóri á Lágafelli í Austur-Landeyjum, var leiðsögumaður hópsins sem taldi um fimmtíu manns.

Ekið var austur í Þjórsárver og þar dvalið um hríð til að nesta mann-skapinn. Síðan var ekið um Fljótshlíðina og komið við á helstu sögu-stöðum þessa frægasta bókmennta-verks Íslendinga. Eins var Njálu-sýningin skoðuð.

Hópurinn heimsótti einnig Siggu á Grund í Gaulverjabæjarhreppi og dáðist að frábærum útskurði hennar.

Undir lok ferðarinnar um Njáluslóð-ir var kvöldverður snæddur í Sælu-búinu.

Ingibjörg Júlíusdóttir tók myndirnar hér á síðunni í ferðinni.



Stæðnæmst við Gunnarsstein hjá Eystri Rangá og hlustað á frásögn Magnúsar Finnbogasonar á Lágafelli.



Kátir ferðafélagar nutu samverunnar á Njálu-slóðum.



Ferðalangar njóta nestisins í Þjórsárveri áður en ekið var um Fljótshlíðina.



Útihurðin á Grund er fallega útskorin af hús-móðurinni.



Sigga á Grund (t.v.) með hundana sína. Með henni á myndinni er Ingibjörg Bjarnadóttir, sjúkraliði.



Fimm sjúkraliðanna í Hveragerði, frá vinstri: Sveinbjörg Steinþórsdóttir, Selma K. Albertsdóttir, Sigurbjörg Hlöðversdóttir, Vilhelmína Alfreðsdóttir, Linda Gustafson.


# Sjúklingar í öruggu og hlýlegu umhverfi

- launakjör fyrir umönnunarstörf eru síðuðu samfélagi til skammar

„Afstaða fólks á Íslandi til umönnunarstarfa er alveg skelfileg. Það er að mínu mati eitt virðingarverðasta starf sem til er að sinna því fólki sem getur ekki séð um sig sjálft, en launakjör þeirra sem taka slík störf að sér eru með slíkum ólíkindum að það er síðuðu samfélagi til skammar. Þessi störf eru ekki að neinu leyti virt í samræmi við samfélagslegt gildi þeirra,” segir Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði.

„Það hefur ekki verið tekið nægilegt tillit til breyttrar aldurssamsetningar íslensku þjóðarinnar við ákvarðanatöku um fjárfrahlög til heilbrigðisstofnana. Fjölgun aldraðra er mjög mikil og á enn eftir að aukast. Fólk sem komið er yfir 65 ára aldur hefur mikla þörf fyrir heilbrigðisþjónustu, en umhyggjan fyrir þessum aldurshópi er ekki nægilega mikil. Ef við ætlum að standast þær kröfur sem gerðar eru til velferðarsamfélags sem vill kalla sig siðrænt þá verða að koma til aukin fjárfrahlög.

Á fundi í nýstofnuðum samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu voru gefnar skýrslur um stöðu fjármála einstakra



Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Heilsustofnunarinnar í Hveragerði. - Mynd: ÚHE.

stofnana og það var skelfileg lesning. Stjórnvöld verða að bregðast við þessu og átta sig á áhrifum breyttrar aldurssamsetningar,” segir Árni enn fremur.

## 130-140 rúm í notkun

Heilsustofnunin í Hveragerði hefur sem stendur 157 nothæf rúm, en vegna fjárfskorts er reksturinn takmarkaður við 130-140 sjúklinga.

„Ríkisvaldið kaupir 120 þessara rúma,” segir Árni, “80 þeirra fyrir léttu endurhæfingu en 40 fyrir þunga endurhæfingu.

Hin rúmin höfum við til frjálsrar ráðstöfunar og nýtum þau fyrir sérstaka hópa sjúklinga; í fyrsta lagi þá sem þjást af offitu, í öðru lagi fólk sem er illa farið vegna reykinga og þarf að hætta og í þriðja lagi

sjúklinga sem eru illa haldnir af streitu. Þá erum við einnig með hópa fólk sem er með verki í stoðkerfi, einkum hrygg og hálsi.

Við tökum við sjúklingum samkvæmt beiðni frá læknum og sjúkrahúsum. Sífelld fleiri koma frá sjúkrahúsunum eftir liðaaðgerðir, einkum í mjöðmum og hnjáliðum. Við höfum sérhæft okkur nokkuð í meðferð krabbameinssjúklinga og þá einkum í meðferð kvenna sem hafa fengið brjóstakrabbamein. Sjúklingar sem eru illa haldnir af gigt eru líka tiltölulega stór hópur hérna.

Við könnum árangur af meðferðinni hérna og höfum fengið býsna góða útkomu. Þannig eru niðurstöður varðandi meðferð vegna offitu og reykinga mjög ásættanlegar.

Obbinn af starfsfólki okkar hefur verið hér ákaflega lengi og hefur sýnt mikla tryggn við staðinn, enda stefnum við að því að reka þetta eins og heimili þannig að mannlegi þátturinn fái að njóta sín.”

## Hugsjón í verki

- Hugsjón Jónasar Kristjánssonar læknis og Náttúrulækningafélags Íslands lá að

baki stofnunar Heilsuhælisins í Hveragerði, en félagið rekur stofnunina. Að hvaða leyti kemur þessi hugsjón fram í starfsemi stofnunarinnar?

„Í fyrsta lagi leggjum við áherslu á að sundurgreina ekki líkama og sál,” svarar Árni. „Til að lækna líkamlega kvilla þarf líka að taka á sálræna þættinum. Þess vegna höfum við hérna sálfræðing og geðhjúkrunarfræðinga.

Hjá okkur hefur mikil vinna verið lögð í að þróa meðferðaráætlanir sem miða að því að veita sjúklingum mannlega hlýju, öryggi og vernd. Það er mikilvægt að fólkið finni að það er í öruggu og hlýlegu umhverfi, að það sé hugsað vel um það.

Síðan erum við með lækningaþætti sem nútíma lækisfræði telur vafalaust á einhverju gráu svæði, svo sem leir meðferðina. Við gerum okkur grein fyrir að það er lítið vitað um hvaða áhrif hún hefur á líkamann. Sá mikli hiti sem myndast í leirnum gengur djúpt inn í vöðva og hefur þar af leiðandi þau góðu áhrif að fólk nær mikilli slökun. Verkjasjúklingar eru til dæmis með litla eða enga verki í nokkra daga á eftir, sumir segja þrjá daga, aðrir fjóra. Núna erum við að láta rannsaka í Ungverjalandi hvort í hveraleirnum okkar kunni að finnast einhver ensím sem hafi sérstök áhrif.

Þá höfum við hérna hámenntaðan kinnverskan lækni sem sérhæfir sig í nálastungulækningum og hefur náð mjög góðum árangri.

Síðast en ekki síst er það að sjálfsögðu fæðið. Það er listilega matreitt úr grænmeti, ávöxum, baunum og korni, en við höfum líka fisk tvisvar í viku. Á jólum er gerð sú eina undantekning að þá er hangikjöt eða steikur á matseðlinum.

Þess má líka geta að hér fer fram gríðarlega mikil fræðslustarfsemi, til dæmis um nýjan lífsstíl, næringarfræðileg efni, fótábúnað, sérstök vandamál karla og kvenna, mikilvægi hreyfingar og margt margt fleira. Jónas Kristjánsson boðaði fyrst og fremst að við ættum að neyta hollari fæðu en við gerðum, ekki síst grænmetis, en forðast hvítan sykur og hvítt hveiti. Nú hallast menn almennt að því að hveiti og sykur eigi mikinn þátt í því ofítuvandamáli sem er víða alvarlegt heilbrigðisvandamál. Hann lagði einnig áherslu á hreyfingu, að ganga hratt og teygja líkamann, og eins að hvílast rétt, að læra að sofa. Ég sé að í stefnu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar um heilbrigði fyrir alla er lögð áhersla á þessi sömu mál. Jónas var þannig býsna langt á undan sinni samtíð og fékk stundum bágð fyrir í umræðunni.”

## Óbærilegt álag

Árni er ósáttur við hvernig gerð kjara-

# „Skemmtilegt og gefandi starf”

„Það verður ekki annað sagt en að sjúkraliðar njóti sín vel í starfi hér og að þetta sé bæði skemmtilegt og gefandi starf,” segir Linda Gustafson, sjúkraliði á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði, en þar eru níu sjúkraliðar að störfum.

„Þótt ég hefði stundum heyrt talað um Heilsustofnun NLFÍ, og komið hingað tvisvar sinnum í kynnisferð um húsið, gat ég ekki ímyndað mér fyrr en ég fór að vinna hérna hvað öll starfsemin er framúrskarandi og til fyrirmyndar á allan hátt, en þetta er þriðja sumarið mitt hérna.

Hugsjónastefnan sem er ríkjandi innandyra, þ.e.a.s. að allir beri ábyrgð á eigin heilsu, hreif mig strax. Samheldni og jákvæðni dvalargesta við að breyta lífsháttum sínum til betri vegar, og ná upp líkamlegu og andlegu þoli og þreki, getur ekki annað en hrifið menn með sér og hvatt alla til dáða. Maturinn er líka við mitt hæfi, heilsufæði sem samanstendur af lífrænt ræktuðu grænmeti, ávöxtum, korni, baunum, mjólkurvörum og fiski. Hér er enga koffíndrykki að fá, takk fyrir, en boðið upp á heilsute sem er eingöngu úr íslenskum jurtum. Eftir nokkrar vikur á heilsufæði verður maður allur hressari og léttari, bæði á sál og líkama. Þá er umhverfi Heilsustofnunarinnar bæði fagurt og friðsælt og ekki langt að sækja í fuglasöng og lækjarnið sem getur verið allra meina bót.

Mér kom á óvart hversu breiður hópur fólks kemur til dvalar á Heilsustofnun NLFÍ hvaðanæva af landinu. Það tekur dvöl hérna jafnvel fram yfir utanlandsferð.

Það verður að segjast eins og er að mér finnst að það séu algjör forréttindi að fá að starfa á Heilsustofnuninni.”

### - Hver eru helstu verkefni sjúkraliða á vinnustaðnum?

„Níu sjúkraliðar vinna á Heilsustofnun NLFÍ og það losna sjaldan ásetnar stöður sem sýnir hversu vel okkur líkar að starfa hérna. Við höfum aðsetur á hjúkrunarvaktinni, sem er aðalmiðstöðin í húsinu, en þar er opið allan sólarhringinn allt árið um kring.

Við sinnum hefðbundnum störfum sjúkraliða, en einnig þurfum við að



Linda Gustafson.

- Mynd: ÚHE.

vera vel upplýstar um alla starfssemi hússins þar sem minnst 130 dvalargestir eru til meðferðar hverju sinni. Það þarf að greiða úr mörgum fyrirspurnum á degi hverjum, leiðbeina fólki, upplýsa og leysa úr hinum ýmsum málum t.d. varðandi meðferðartöflu dvalargesta og því sem þarf að breyta og bæta eftir vikuleg viðtöl við þá um vistina hérna. Við tökum blóðþrýsting, mælum blóðsykur og erum jafnvígar á að taka hjartalínurit ef á þarf að halda. Við eigum mikil og almenn samskipti við dvalargesti á degi hverjum og sinnum þeim af hlýhug og nærgætni. Ekki sakar að hafa þjónustulundina í lagi og ávallt reiðubúna.

Sjúkraliðar hafa þá sérstöðu á Heilsustofnuninni að þeir sinna allri slökun sem hér fer fram. Við sjáum um morgunhugleiðslu til að kyrra hugann fyrir erilsaman dag. Annars vegar er um að ræða slökun sem er útvarpað af spólum í hátalarakerfinu, en við höldum utan um spóluvalið. Hins vegar er „lifandi“ slökun einu sinni á dag, hálf tíma í senn, þar sem fólk fær kennslu í að slaka á til að hvíla líkama og sál.

Sjúkraliðar sinna sérverkefnum fyrir verkjahópa, taka að sér kyrrðarslökun, en einnig fyrir reykinganámskeiðahópana. Við höfum eftirfylgd með þeim þegar meðferð lýkur til að styðja þá og hvetja áfram í baráttunni og til að geta fylgst með árangrinum af þessum námskeiðum. Farið er daglega í gönguferðir og er sjúkraliði hafður í gönguhóp 2, sem er ávallt reiðubúinn og til taks ef óhöpp eða annað óvænt kæmi upp á.”

samninga í heilbrigðiskerfinu gengur fyrir sig, en samninganefnd ríkisins fer með þau mál fyrir hönd stofnananna.

„Þetta er nánast sagan endalausá,” segir hann. „Þegar ein stétt er búin að semja þá kemur næsta og klifrar upp eftir bakinu á henni og gerir kröfur í nafni menntunar og reynslu. Ég er ekki að harma það, heldur hitt að þetta er að gerast á öllum tímum ársins þannig að vinnan sem fer í samninga hjá forráðamönnum stofnananna er gífurleg. Hjá litlum stofnunum verður þetta líka alltaf í svo miklu návígi og ef það koma upp einhver leiðindi, sem ég hef að vísu sloppið algjörlega við, er ástandið óbærilegt. Nýju samtökin okkar eru meðal annars að skoða aðild að Samtökum atvinnulífsins þannig að samningaferlið farið allt fram á þeim vettvangi.

Mér eru sérlega minnstæðir næstsíðustu samningar hjúkrunarfræðinga. Þá gerði ríkið samning sem var nærri því búinn að setja allar heilbrigðisstofnanir í landinu á höfuðið. Þeir sendu samninginn til okkar til frekari útfærslu eins og það hét, við

## Tíu þúsund fermetrar

**Heildarkostnaður við rekstur heilshælisins í Hveragerði verður um 450 milljónir króna á árinu 2002. Samkvæmt þjónustusamningi við heilbrigðisráðuneytið fær stofnunin um 73% af rekstrarfénu frá ríkinu. Mismuninn greiða dvalargestir sjálfir.**

Að jafnaði eru um 140 starfsmenn á launaskrá, þar af margir í hálfisdags- eða hlutastarfi. Stöðugildin eru um 100.

Húsnæði hælisins er sem stendur um 9.000 fermetrar að flatarmáli.

Á næstunni bætist við nýtt 1000 fermetra hús fyrir sundlaugar, endurhæfingu og meðferð. Í framhaldinu verður reist ný og mjög fullkomin herbergjaálma í um 650 fermetra húsi. Að því loknu mun heildarhúsrýmið nálgast tólf þúsund fermetra. Þessar nýju framkvæmdir (baðhúsið og herbergjaálman) kosta um 450 milljónir króna.

Heilsuhælið ræktar tómata og gúrkur með lífrænum hætti í eigin gróðurhúsum. Það hefur eigin vararafstöð og vatnsveitu sem var endurnýjuð á síðasta ári.

Á lóð stofnunarinnar eru einnig starfsmannahús með íbúðum sem starfsmenn fá á leigu með hagstæðum kjörum.



Heilsustofnunin í Hveragerði er ekki hvað síst þekkt fyrir leirböðin. Hveraleirinn er nú til sérstakrar rannsóknar í Ungverjalandi. - Mynd: ÚHE.

áttum að aðlaga þetta rekstri stofnananna, en það setti okkur í margra mánuða vinnu. Þegar því var lokið komu sjúkraþjálfarar sem hafa hliðstæða menntun og sögðu „við líka“ og þannig gekk þetta koll að kalli. Eftir þessa samninga var bilið á milli hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða orðið fullkomlega óeðlilegt og sjúkraliðar fóru í harða slag sem endaði með sigri þeirra, en þá eru hækkunartölurnar þannig að hjúkrunarfræðingar koma og segja að bilið á milli stéttanna sé orðið alltof lítið og fara síðan að undirbúa kröfur um flokkabreytingar og hækkanir, og þannig heldur hringrásin áfram. Það þarf að stokka upp þessa kjarasamningagerð með því að ná sátt um eðlileg launabil á milli faghópanna og semja síðan við þá alla í einu.”

## Þorp fyrir aldraða?

Heilsustofnun NLFÍ er að kanna hvort fýsilegt sé að reisa þjónustuhús fyrir aldraða á lóð félagsins í Hveragerði.

Ef af verður mun rísa þar talsverð byggð slíkra húsa. Aldraðir myndu þá kaupa íbúðirnar en Heilsustofnunin sjá íbúunum fyrir allri þjónustu, svo sem lækniástoð, hjúkrunarþjónustu, mat, ræstingu og eftirliti af öllu tagi.

Hugmyndin tekur mið af niðurstöðum sérstakrar könnunar sem gerð var fyrir nokkrum árum, en þar fékkst ljós mynd af því hvernig aldraðir vilja búa í ellinni. Við hönnun húsa var haft í huga að mæta þeim óskum og þörfum.



Þrjú sjúkraliðar í Hveragerði, frá vinstri: Rannveig Ingvadóttir, Ásta Þórey Ragnarsdóttir og Steinunn M. Sigurðardóttir. Á myndirnar af sjúkraliðunum á Heilsustofnuninni vantar einn sjúkraliðanna, Guðrúnu Ástu Gunnarsdóttur.

## Nefnd um veikindarétt

Skipuð hefur verið samráðsnefnd um veikindarétt sem hefur það hlutverk að tryggja samræmda framkvæmd á ákvæðum kjarasamninga um veikindarétt starfsfólks. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar hins opinbera og stéttarfélaganna.

Nefndarmenn stéttarfélaganna eru: Gísli Tryggvason, framkvæmdastjóri BHM, Erna Guðmundsdóttir, lögfræðingur BSRB, og Ómar Árnason, framkvæmdastjóri Félags framhaldsskólakennara, en til vara: Halla S. Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi BHM, Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, og Hannes Þorsteinsson, launafulltrúi Félags grunnskólakennara.

Nefndarmenn hins opinbera eru: Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir, lögfræðingur starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, Birgir Björn Sigurjónsson, forstöðumaður kjarapróunardeildar Reykjavíkurborgar, og Sigurður Óli Kolbeinsson, deildarstjóri lögfræðideildar Sambands íslenskra sveitarfélaga, en til vara: Lára Hansdóttir, forstöðumaður launasviðs Ríkisbókhalda, Fjola Pétursdóttir, lögfræðingur kjarapróunardeildar Reykjavíkurborgar, og Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, forstöðumaður starfsmannahalds Hafnarfjarðarbæjar

## Undanþága af næturvöktun

Réttindanefnd BSRB hefur fjallað um mál starfsmanns sem neitað var um undanþágu frá því að vinna á næturvöktum.

Tilfnið var fyrirspurn frá Félagi starfsmanna stjórnarráðsins um hvort gæslumaður hjá Rekstrarfélagi stjórnarráðsbygginga (RS) ætti rétt á að vera fluttur af næturvakt skv. kjarasamningsákvæði 2.6.11, en gæslumaðurinn hafði fengið neitun frá RS á þeirri forsendu að starf hans flokkaðist ekki undir reglubundna vaktavinnu í skilningi framangreinds ákvæðis.

Niðurstaða Réttindanefndarinnar var sem hér segir:

Samkvæmt ráðningarsamningi var gæslumaðurinn ráðinn í vaktavinnu. Þá fékk hann greiddar 25 mínútur til uppfyllingar vikulegri vinnuskyldu vegna óreglulegs matar- og kaffitíma eins og kjarasamningsákvæði 2.6.9 kveður á um, en þetta ákvæði á við um starfsmenn í vaktavinnu. Jafnframt fengust þær upplýsingar að starfsemi RS væri rekin allan sólarhringinn á vöktum allt árið og vaktavinnukerfið sem þeir færu eftir væri reglulegt. Á þessu byggði Réttindanefnd álit sitt og komst að þeirri niðurstöðu að um reglulega vaktavinnu skv. reglubundinni vaktskrá væri að ræða og gæslumaðurinn ætti rétt á því að vera undanþeginn næturvöktum eins og hann hafði óskað eftir, sbr. ákvæði 2.6.11 í kjarasamningi.

# Framhaldsnámið hefst á ný í janúar

Eins árs framhaldsnám sjúkraliða í öldrunarhjúkrun hefst á ný í janúar árið 2003 í Heilbrigðisskólanum (Fjölbrautarskólanum við Ármúla).

Hægt er að fá upplýsingar um námið á vefsíðu Ármúlasólans – [www.fa.is](http://www.fa.is) - og láta skrá sig á skrifstofu skólans. Guðrún Hildur Ragnarsdóttir er deildarstjóri námsbrautarinnar (netfang hennar er [ghr@fa.is](mailto:ghr@fa.is)).

Í grein 10.1.2 í aðalkjarasamningi sjúkraliða er sérstaklega fjallað um leyfi til að stunda framhaldsnám og endurmenntun.

### Þar segir:

„Sjúkraliðar sem með sérstöku leyfi stjórnna stofnana stunda viðurkennt sérnám varðandi starf sitt eða sækja framhalds- eða endurmenntunarnámskeið sem nýtur viðurkenningar heilbrigðisyfirvalda, haldi föstum launum með fullu vaktaálagi meðan slíkt nám varir, allt að þrem mánuðum á hverjum 5 árum. Launahlutfall í námsleyfi sé sem næst meðaltali launa þann tíma sem rétturinn vannst á.

Heimilt er að veita starfsmönnum sem ákvæði þetta tekur til, námsleyfi með þessum kjörum tíðar en að framan greinir en þá skemur hverju sinni þó ekki umfram 1 mánuð á hverjum 20 mánuðum enda leiði ekki af því aukinn kostnaður. Heimilt er að veita lengra leyfi sjaldnar eða allt að 6 mánuði á hverjum 10 árum. Á sama hátt er heimilt að veita 9 mánaða leyfi á hverjum 12 árum. Næstu 3 ár eftir að námsleyfi lýkur í því tilviki, ávinnst ekki réttur til námsleyfis.“

## OFA – Sjúkrasokkar

Sjúkraliðafélagið hefur í umboðssölu þýskar sokkabuxur og sjúkrasokka frá OFA, Otto Fankhanel & sohn. Vörur frá OFA hafa reynst vel starfsfólki í heilbrigðisþjónustu og störfum þar sem mikið reynir á fætur.

Pantanir og upplýsingar eru veittar á skrifstofu Sjúkraliðafélags Íslands, í síma 553 - 9493 eða 553 - 9494. Fax 553 - 9492

### Sjúkraliðar athugið:

- OFA – stoðsokkar geta ráðið miklu um líðan þína.
- OFA – bætir blóðrásina, eykur vellíðan.
- OFA - hindrar bólgu og bjúg á liðamótum og dregur úr þreytu.
- OFA - eykur loftstreymi um fæturna og minnkar svita.
- OFA - er gæðavara úr bómull.
- OFA – til stuðnings og styrktar og bætir heilsuna.
- OFA – sjúkrasokkar, hnéháir verð kr. 1.300.
- OFA - sjúkrasokkar, stærðir 36 – 44.
- OFA - sjúkrasokkar, litir: hvítir, ljósbrúnir og dökkbláir.
- OFA – sjúkrasokkabuxur, verð kr. 1,800. Brúnar. (Natur.)

# Haussteigia orlofshúsa og íbúðar félagsins



Félagsmenn Sjúkraliðafélags Íslands eiga kost á að leigja tvö sumarhús og eina íbúð fram til áramóta. Þetta eru orlofshúsin í Úthlíð í Biskupstungum og Vaðnesi í Grimsnesi og íbúð félagsins að Fellsmúla 16 í Reykjavík. Leigutíminn er frá 20. september 2002 til 2. janúar 2003.

Leigugjald er það sama á öllum þremur stöðunum:

- Tjú þúsund krónur fyrir eina viku (föstudag til föstudags).
- Átta þúsund fyrir þjáar nætur um helgar (föstudag til mánudags).
- Átta þúsund fyrir tvær til fjórar nætur (mánudag til föstudags).

Ganga þarf frá leigusamningi að minnsta kosti viku fyrir brottför. Að öðrum kosti áskilur orlofshéimilanefnd félagsins sér rétt til endurnúthutunar.

Umsóknir verða afgreiddar í þeirri röð sem þær berast til skrifstofu Sjúkraliðafélags Íslands að Grensasvægi 15, 108 Reykjavík. Sími á skrifstofu félagsins er 553 9493 og 553 9494, faxnúmer 553 9492.



Sígurhæð í Biskupstungum



Sumarhús í Vaðnesi



Íbúð í Reykjavík

## Sígurhæð í Biskupstungum

Sígurhæð, sumarbústaður félagsins í Biskupstungum, er í landi Úthlíðar í Arnessýslu, 15 kílómetrum fyrir austan menningar- og menntasetrið að Laugavatni. Bústaðurinn er heilsáhrshús og búinn eins og best verður á kosíð. Herbergin er þrjú. Í tveimur þeirra eru tvíbreið rúm, auk þess er í öðru 90 sentimetrá breið kofa, og í því þrjú eru tvær kofur. Sængur og koddar eru fyrir 7 manns, auk þessa fylgir barnarúm, barnastóll og tvær dygur, en engin sængurver. Umhverfis húsið er 70 fermetra verönd með heitum potti og gufubaði. Húsið stendur í kjarnvöxnu landslagi. Þaðan er gott útsýni yfir Biskupstungum. Í næsta nágrenni eru fjölmargar skemmtilegar lengri eða skemmi gönguleiðir. Um skamman veg er að fara að Skálholti, Gullfossi, Geysi og Flúðum, en þar er fjölbreytt þjónusta og gróðurhús. Að Laugavatni er íþróttasvæði, sundlaug og landsþekkt gufubað.

## Sumarhús í Vaðnesi

Félagið hefur bústað að Kjarnbraut 4 í landi Vaðness í Grimsnesshreppi í Arnessýslu, skammt austur af Þrastarlundi. Þegar ekið er um Þjóðveg 1 er vegurinn þeim að bænum Vaðnesi greinilega merktur. Bústaðurinn er með 3 svefnherbergjum. Í tveimur þeirra eru tvíbreið rúm, auk einnar 90 sentimetrá kofu í öðru þeirra, í því þrjú eru 2 kofur og svefnpláss fyrir einn í stofu. Skammt er frá bústaðnum að Keirnu. Margar merktar gönguleiðir eru í næsta nágrenni. Víða er hægt að komast í sundlaugar, til dæmis á Selfossi, í Hraunborgum, við Ljósafoss og í landi múrara í Ondverðanesi.

## Íbúð í Reykjavík

Í Reykjavík gæfst sjúkraliðum kostur á að búa í þriggja herbergja íbúð að Fellsmúla 16, í næsta nágrenni við skrifstofu félagsins. Íbúðin er á fyrstu hæð í glæsilegu fjölbýlishúsi. Hún er búin öllum helstu þægindum, síma, sjónvarpi og myndbandstæki. Allur búnaður í eldhúsi. Aðgangur að velbúnu þvottahúsi. Svefnástaða er fyrir 7 til 9 manns, þar af fyrir tvo á dýnum. Það má með samni segja að Fellsmúlinn sé staðsettur við nafna borgarnar. Örstutt er á strætisvagnstöðina við Grensasveg, eina af helstu skiptistöðvum vagnanna. Stutt er að fara í Laugardalinn, en þar er margt fyrir alla fjölskylduna: húsdýra- og fjölskyldugarður, grasagarður, sýningahöll, sundlaug, íþróttasvæði og skautahöll. Sketfan og Krnglan með öllum sínum verslunar- og þjónustumistöðum eru í göngufæri frá íbúðinni.